



Engin miskunn í kortunum

Það var mikill kuldi í Reykjavík í gær líkt og sjá má á frosnu vatninu í drykkjarbrunni fyrir utan Hallgrímskirkju. Vakthafandi veðurfræðingur hjá Veðurstofu Íslands sagði aðspurður í gærkvöldi að engin miskunn væri í kortunum. „Ekki er útlit fyrir að það hlýni fyrr en í fyrsta lagi á næsta þriðjudag.“ FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Fá 110 þúsund fyrir týndu Tinnu

MARKAÐURINN9



Skemmtiferðaskip orðin hagkvæmari

FRÉTTIR6



Hvalir og selir ekki villidýr

Spá Diljá fimmta sæti í sínum riðli

gar@frettabladid.is

EUROVISION Samkvæmt erlendum veðmálasíðum lendir framlag Íslands í Eurovision í 24. sæti.

Vegna þess hvernig þjóðunum er raðað í tvo undanriðla virðist lagið Power með Diljá Pétursdóttur hins vegar eiga mjög góða möguleika á að komast áfram og verða flutt á úrslitakvöldinu. Það er vegna þess að þjóðirnar sautján sem eru með Íslandi í riðli eru almennt ekki hátt skrifðar í veðbönkum.

Aðeins lög fjögurra af þessum þjóðum eru ofar en Diljá. Það eru Georgia í tíunda sæti, Armenía í tólfsta sæti, Austurríki í fimmtánda sæti og Ástralía í nítjándasta sæti. Ísland virðist því að minnst kosti í augnablikinu vera ein tíu þjóða sem kemst upp úr riðli tvö og á stóra sviðið laugardagskvöldið 13. maí. ■

Milljarður í súginn hjá Sorpu

Framkvæmdastjóri Sorpu segir að mistök hafi verið gerð þegar ákveðið var að kaupa flokkunarkerfi sem vítað var að myndi ekki skila af sér not-hæfri moltu. Ákveðið hefur verið að loka stöðinni.

ggunnars@frettabladid.is

VIÐSKIPTI Stjórn Sorpu hefur ákveðið að loka flokkunarstöð sem kostaði sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu um einn milljarð króna fyrir einungis þremur árum síðan. Stöðin hefur séð gas- og jarðgerðarstöð fyrirtækisins í Álfsnesi fyrir lífrænum úrgangi til moltugerðar, en afurðin hefur reynst ónothæf. Kostnaðurinn sem um ræðir er fyrir utan heildarkostnað við jarðgerðarstöðina.

Jón Viggó Gunnarsson, framkvæmdastjóri Sorpu, segir ákvörðun núverandi stjórnar draga fram að



Af hverju fyrri stjórn ákvað að fara þessa leið verður að teljast mjög sérstakt.



Jón Viggó Gunnarsson, framkvæmdastjóri Sorpu

mistök hafi verið gerð. Heppilegra hefði verið að hefja þegar í stað söfnun á lífrænum úrgangi eins og gert er víða annars staðar.

„Ákvörðunin er óskiljanleg því Matvælastofnun benti strax á að molta sem unnin er úr blandaðri tunnu geti aldrei orðið söluhæf. Af hverju fyrri stjórn ákvað að fara þessa leið verður að teljast mjög sérstakt,“ segir Jón Viggó.

„Við munum reka þessa línu eitt-hvað áfram en svo verður henni lokað. Við það sparast 250 milljónir og við færum okkur alfarið yfir í sér-söfnun á lífrænum úrgangi í tengslum við samræmda flokkun á öllu höfuðborgarsvæðinu.“

Jón Viggó segir enn eiga eftir að koma í ljós hvort hægt verði að nýta eitthvað af búnaðinum í önnur verkefni.

„Við eigum eftir að meta það. Hitt verður einfaldlega afskrifað.“ ■

Hvað
SEM EÍÐ VILJIÐ

★★★★★

B.T. Mbl.

Gáskafull gleðisprengja
með mörgum af okkar
fremstu gamanleikurum

leikhusid.is

Þjóð
leik
húsið

Iðnaður stærsta útflutningsgreinin

ser@frettabladid.is

ATVINNULÍF Iðnaður er stærsta útflutningsgreinin samkvæmt nýjum tölum Hagstofunnar með 44 prósent útflutningstekna hagkerfisins, en innan iðnaðarins eru tvær af fjórum stöðum útflutnings, hugverkaiðnaður og orkusækin iðnaður.

„Þetta skiptir verulegu máli fyrir allt hagkerfið,“ segir Ingólfur Bender, hagfræðingur Samtaka iðnaðarins, „en útflutningstekjur eru forsenda bættra lífskjara fólks,“ bætir hann við.



Ingólfur Bender, hagfræðingur SI

Í heild námu útflutningstekjur iðnaðar 761 milljarði króna í fyrra. Til samanburðar voru tekjur af erlendu ferðafólki 448 milljarðar.

Að sögn Ingólfs hefur greinin tvöfaldað útflutningstekjur sínar frá árinu 2017 og nemi aukningin 70 prósentum af vexti útflutningstekna hagkerfisins á þeim tíma.

„Það er líka afar jákvætt að sjá að útflutningur er að verða fjölbreyttari og í meira mæli hugvitsdrifinn. Niðurstaðan er fjölbreyttara atvinnulíf sem rennir stöðum undir stöðugleika,“ segir Ingólfur. ■

Stigamót í þrjátíu og þrjú ár



Stigamót fagna 33 ára afmæli sínu í dag á Alþjóðlegum baráttudegi kvenna. Samtökin bjóða af því tilefni í innflutningsparti í nýrri skrifstofu sinni í dag, að Höfðabakka 9 á 3. hæð, klukkan 17-19. Líkt og sjá má voru flutningar í fullum gangi í gær þegar ljósmyndara Fréttablaðsins bar að garði. Mikil þörf er fyrir þjónustu Stigamóta en á síðasta ári voru þar tekin um 2.700 viðtöl við um 500 einstaklinga, þar af voru 300 að koma í fyrsta sinn.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Landsliðsmenn þurfi að sanna sig á ný

aron@frettabladid.is

ÍÞRÓTTIR Íslenska karlalandsliðið í handbolta mætir Tékkum í undankeppni EM í kvöld. Óvissa er uppi um þjálfaramál þess í kjölfar starfsloka Guðmundar Guðmundssonar.

Logi Geirsson, fyrrverandi landsliðsmaður í handbolta, segir leikmenn landsliðsins hafa mikið að sanna í tveimur leikjum gegn Tékkum, að heiman og heima á næstu dögum.

„Þeir þurfa að sanna sig og maður hefur nú sjálfur alveg verið í landsliðinu þegar mikið hefur gengið á, meðal annars þjálfaraskipti, og núna er bara komið að því að leikmenn liðsins stígi upp,“ segir Logi.

Loga telur að leikmennirnir geri sér allir grein fyrir þessu.



Logi Geirsson, fyrrverandi landsliðsmaður í handbolta

„Hvað mig varðar, þá kys ég að vera ekkert að horfa í baksýnis-spegilinn á HM. Það mót er búið, búið að kryfja það sem gekk á þar mjög vel og nú er landsliðið bara að ganga í gegnum ákveðna umbreytingatíma,“ segir Logi. ■

Meira á Frettabladid.is

Keyrði sig á kaf í kulnun en náði sér á strik í hnýtilist

Hera Sigurðardóttir fann fyrir einkennum kulnarar í starfi fyrir sex árum, sem hún segir að hafi orðið til þess að hún breytti um stefnu í lífinu. A dögum stofnaði hún fyrirtækið Flóð og fjöru, en þar selur hún handverk sitt og kennir fólki á öllum aldri hnýtilist.

erlamaria@frettabladid.is

SAMFÉLAG Handverkskonan Hera Sigurðardóttir opnaði nýverið fyrirtækið Flóð og fjöru, en undir því merki hennar hún og framleiðir hnýtilistarvörur (macramé). Hera segir röð atvika hafa orðið til þess að hún stofnaði fyrirtækið.

„Ég vann hjá Reykjavíkurborg á veturna og á Hótel Flatey á sumrin og eftir sex ára stanslausa keyrslu án þess að fara í frí fann ég fyrir kulnun. Ég bara keyrði mig í kaf,“ segir Hera. Hún kveðst þó hafa unnið sig upp úr því og haldið aftur út á vinnumarkaðinn.

„Ég vann hjá Amnesty International en svo gerðist það árið 2020 að ég leni í slysi. Ég brotna illa á öxl og þurfti á endurhæfingu að halda. Mér fannst þarna að umheimurinn væri að segja mér að ég ætti að vera að gera eitthvað allt annað,“ segir hún, og heldur áfram:

„Eftir að ég lenti í kulnun fann ég svo mikla þörf fyrir að vinna með höndunum. Ég fór á námskeið og fílaði þetta svo vel því þetta er allt öðruvísi en að þrjóna. Maður er sneggri að gera eitt verk og getur til dæmis gert blómahengi á einu kvöldi. Þetta hefur upphaf og endi og ég hafði svo mikla þörf fyrir að geta klárað eitthvað í þessu kulnunarástandi,“ segir Hera.



Hera Sigurðardóttir stofnaði fyrirtækið Flóð og fjöru á dögum, en þar selur hún verk sín og kennir macramé-námskeið.

MYND/ADSEND.

Vinir og ættingjar hafi fljótlega sýnt verkum hennar áhuga og sérpöntunum hafi rignt inn.

„Ég opnaði síðu á Instagram undir heitinu Flóð og fjara árið 2020 og fór að deila því sem ég hafði verið að gera. Þetta fór hægt af stað en er að springa út núna. Þess vegna ákvað ég að láta slag standa, stækka starfseminu og stofna fyrirtækið Flóð og fjöru, sem er nú komið í sitt eigið húsnæði,“ segir Hera.

Auk þess að selja verk sín hefur Hera búið fólki á öllum aldri upp á námskeið í macramé, eða hnýtingum, sem hún segir að séu í flestum tilfellum fullsetin.

„Þetta hefur verið vinsælt og flestir eru til í að læra eitthvað nýtt. En svo er annar vinkill á þessu sem ég hef fundið á námskeiðunum, að fólki á kannski ekki jákvæða upplifun af handavinnu í grunnskóla og er að endurtengja sig við að geta gert eitthvað í höndunum, án þess að vera skammað eða gera allt vitlaust,“ segir Hera.

„Margir sem hafa komið til mín á námskeið, sem sverja fyrir að kunna að þrjóna eða hekla, ganga út með geggjáð verk af námskeiðinu. Þannig að þetta er hundrað prósent á færi allra að læra,“ bætir Hera Sigurðardóttir við. ■

2 FYRIR 1

á [kver.is](#) – kr. 2.999

Frí heimsending á höfuðborgarsvæðinu!

Múmín áskriftarleið með UNICEF



© Moomin Characters™

ÆVINTÝRI
BANKA UPPÁ

unicef 
fyrir öll börn

Álag á heilsugæslur komið að þolmörkum segir forstjórinn

ser@frettabladid.is

HEILBRIGÐISMÁL Álag á starfsfólk heilsugæslustöðva hefur aukist um fjórðung frá því sem það var fyrir tíma heimsfaraldursins og er komið að þolmörkum.

Þetta staðfestir Óskar Reykdalsson, forstjóri Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, og viðurkennir jafnframt að álagið sé stöðugt og viðvarandi.



ÁTVR taldi brotið á einkaleyfi sínu.
MYND/ÓTTAR GEIRSSON

ÁTVR varði ellefu milljónum króna í málsóknir

kristinnhaukur@frettabladid.is

DÓMSMÁL Kostnaður ÁTVR vegna málaferla gegn Bjórlandi og Santewines var tæplega 11 milljónir króna. Annars vegar var það tæplega 8,3 milljónir í lögfræðikostnað og hins vegar 2,6 milljónir í málskostnað til Bjórlands og Santewines. Þetta kemur fram í svari Bjarna Benediktssonar fjármálaráðherra við fyrirspurn Hildar Sverrisdóttur, þingmanns Sjálfstæðisflokksins.



Málunum gegn Bjórlandi og Santewines var vísað frá í mars 2022.

ÁTVR höfðaði einkamál vegna þess að verslanirnar seldu áfengi í netverslunum. Taldi ÁTVR að salan bryti gegn ákvæðum um einkaleyfi til smásölu áfengis.

Málunum var vísað frá dómi fyrir tæpu ári síðan á grundvelli annmarka á málatilbúnaðinum og að sakarefnið væri ekki afmarkað. Þá skorti á skilyrði um bótaskyldu, það er að ÁTVR gæti ekki sýnt fram á tjón. ■

Ástæðuna megi líklega rekja til þess að fólk er upplýstara en áður um þjónustu heilsugæslunnar eftir tveggja ára baráttu við Covid-19, en þar að auki hafi margra pesta orðið vart eftir að faraldurinn tók að hægja á sér.

„Kannski stafar það af því að fólk er hætt að spritta sig,“ segir Óskar og ítrekar að vandaður handþvottur sé alltaf jafn mikilvægur fyrir heilsuna.

„Tilvik streptókokka hafa verið óvenjulega mörg að undanfögnu,“ bendir Óskar á og segir fjölda fólks hafa leitað sér aðstoðar á heilsugæslustöðvunum af þeim völdum.

Vegna álagsins sé mikilvægt að benda fólki á samskiptasiðuna Heilsuveru þar sem hægt er að nálgast skýrar og nákvæmar upplýsingar um einkenni streptókokkasýkinga og hvenær ástæða sé til að vitja lækni.



Tilvik streptókokka hafa verið óvenjulega mörg að undanfögnu.

Óskar Reykdalsson, forstjóri Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins

Á vef Heilsuveru er einnig hægt að eiga örugg samskipti við heilbrigðisstarfsfólk í gegnum netspjall. Þar getur fólk fengið leiðbeiningar og aðstoð. Netspallið er opið alla daga frá 8-22.

Óskar segir starfsmenn heilsugæslunnar finna vel fyrir auknu álagi, en að fjöldi þeirra haldist ekki í hendur við æ fleiri komur fólks á stofurnar og stöðuga fjölgun þjóðarinnar. ■

Segir háskólanemana lakari eftir að framhaldsskólanám var stytt um ár

Skólafólk greinir á um áhrif af styttingu náms til stúdentsprófs. Háskólakennari segir háskólanema lakari. Fyrirverandi skólameistari vill helst stytta grunnskólann.

bth@frettabladid.is

MENNTAMÁL Þriggja ára framhaldsskóli er tilraun sem ekki hefur gefið góða raun. Þetta segir Brynhildur Þórarinsdóttir, dósent við Háskólann á Akureyri.

Hún segir sína tilfinningu að háskólakennarar séu sammála um að nemendur í háskólanámi séu nú með lakari grunn eftir styttinguna. Tímabært er að viðurkenna þessa staðreynd og bregðast við að mati Brynhildar sem skrifaði í gær færslu á Facebook sem vakti athygli. Í samtali við Fréttablaðið vildi Brynhildur ekki tjá sig frekar.

„Við háskólakennarar finnum að nemendur standa verr að vígi en áður, þeir hafa lakari grunn og minni reynslu,“ segir Brynhildur í færslunni og bætir við að það eigi ekki að koma á óvart.

„Vinnudagar nemenda eru oft svakalega langir. Enn hef ég ekki hitt nemanda, kennara eða foreldri sem gleðst yfir styttingunni.“

Þá segir hún að atvinnulífið sem hafi þrýst breytingunni í gegn fái engan ávinning. Í stað þess að koma fyrir út á vinnumarkað þurfi krakkarnir að þústa fyrir næsta nám.

„Auðvitað er bæði dýrt og vesen að snúa til baka í fjögurra ára kerfið, en kostnaðurinn skilar sér í reyndari og ánægðari nemendum.“

Síðustu daga hefur verið rætt hvort nemendur séu nálægt kulnun vegna álags. Skólanir meðal skólameistara framhaldsskóla eru skiptar um áhrif styttingarinnar.



Deilt er um hvort álag á nemendur framhaldsskóla vegna styttingar námsins hafi haft alvarlegar afleiðingar.
FRÉTTABLAÐIÐ/
SIGTRYGGUR ARI



Enn hef ég ekki hitt nemanda, kennara eða foreldri sem gleðst yfir styttingunni.



Brynhildur Þórarinsdóttir, dósent við HA

Hjalti Jón Sveinsson, fyrirverandi skólameistari Kvennaskólans, getur borið saman tímann fyrir og eftir styttingu. „Ég er ekki sammála Brynhildi um að styttingin leiði af



Hjalti Jón Sveinsson, fyrirverandi skólameistari Kvennaskólans

sér lakari nemendur,“ segir Hjalti Jón.

Hann telur óskynsamlegt að lengja aftur námstíma til stúdentsprófs. Kappsmál sé að útskrifa krakka 19 ára. Að hans mati hefði verið betra að stytta grunnskólann.

„Það þótti handhægt að gera þetta svona,“ segir hann og vísar til þess að sveitarfélög reka grunnskólana en ríkið framhalds- og háskóla. „En mér finnst enn koma til greina að stytta grunnskólann.“

Hjalti segir mismunandi milli skóla hvernig tekist hafi til með styttinguna. Hjá Kvennaskólanum

hafi hún að mestu heppnast vel. „Samkvæmt könnunum telja 85 prósent nemenda álagið hæfilegt.“

Þá segist hann ekki vita betur en að þeir krakkar sem skólinn hafi útskrifað eftir styttingu hafi náð ágætum árangri í háskólanámi.

Hann segir íþróttir, önnur áhugamál eða vinnu með námi geta haft mikil áhrif. Honum sé brugðið vegna umræðu um að stytting námsins leiði til kulnunar.

„Álagið var ekkert minna þegar stúdentsnám var fjögur ár. Ég er sjokkeraður að heyra svona tal.“

Margir taka undir með Brynhildi um að styttingin hafi ekki heppnast sem skyldi. Einn þeirra er Benedikt Sigurðarson, fyrirverandi skólameistari. Benedikt segir að svokölluð „Hvítbók“ Illuga Gunnarssonar, fyrirverandi menntamálaráðherra, hafi verið illa grundað plagg, fullt af pólitískum áróðri og klisjum sem ekki hafi átt sér kenningalegan eða rannsóknarlegan bakgrunn. ■

RAM 3500 TRAUSTUR VINNUFÉLAGI

EIGUM FLESTAR GERÐIR TILBÚNAR TIL AFHENDINGAR

35", 37" OG 40" BREYTINGAPAKKAR Í BOÐI

UMBODSADILI RAM Á ÍSLANDI

Þjónustuverkstæði ÍSBAND, Smiðshöfða 5, sérhæfir sig í breytingum á RAM pallbifreiðum.



BÍLL Á MYND: RAM 3500 LARAMIE CREW CAB MEÐ 37" BREYTINGU, KASTARAGRIND OG LJÓSKÖSTURUM



Gleðilega páska



Sjálfbærni og samfélagsábyrgð
Nóa Síríus súkkulaði er hluti af Cocoa Horizons verkefninu, sem gerir kakóræktendum kleift að framleiða kakó á sjálfbæran og ábyrgan hátt. Verkefnið stuðlar að betri lífsskilyrðum í kakóræktarsamfélögum og bættum aðbúnaði starfsfólks.

Nú mega páskarnir koma

Nóa páskaegginn eru tilbúin. Við vonduðum okkur alveg sérstaklega, því við vitum að þið viljið hafa þau fullkomin. Það á bæði við um gómsæta skelina sem bráðnar í munni og allt góðgætið sem leynist þar fyrir innan.

Gjörið þið svo vel – það er nóg til fyrir alla.



Hvalir verða skildir eftir í gömlu lagaumhverfi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Hvalir og selir ekki undir villidýralög

kristinnhaukur@frettabladid.is

DÝRAVERND Engin áform eru uppi um að færa málefni hvala og sela undir ný villidýralög eins og sérfræðingar mæltu með fyrir áratug. Enn verða tafir á frumvarpinu, sem gegnir mikilvægu hlutverki í verndun villtra fugla og spendýra.

„Oft ratar þetta á þingmálaskrá en er aldrei klárað,“ segir Andrés Ingi Jónsson, þingmaður Pírata, sem spurðist fyrir um stöðu málsins nýlega. Fékk hann þau svör að málinu yrði frestað til næsta vetrar.

Skýrsla um villidýr kom út árið 2013 með tillögum að úrbótum á vernd, friðun og veiðum með sjálfbærni að leiðarljósi. Málið var í stjórnarsáttmálanum árið 2017 og Guðmundur Ingi Guðbrandsson, þáverandi umhverfisráðherra, hugðist leggja málið fram. En meðal þeirra tegunda sem notið gætu verndar undir hinni nýju löggjöf er lundi, sem er metinn í bráðri hættu. Málinu hefur sífellt verið frestað.

„Lagaramminn er hálfgalinn,“ segir Andrés Ingi. Hvalir og selir séu einu spendýrin sem heyri undir



Oft ratar þetta á þingmálaskrá en er aldrei klárað.



Andrés Ingi Jónsson, þingmaður Pírata

úreltar reglur sem tilheyra matvælaráðuneytinu. Samkvæmt svarinu sem hann fékk hefur ekki einu sinni verið rætt að færa tegundirnar yfir og fella þær undir ný villidýralög. Þetta sé óháð ákvörðun um áframhaldandi hvalveiðar, sem matvælaráðherra þurfi að taka ákvörðun um í ár, en skipti miklu máli upp á vernd stofnanna til framtíðar. ■

Ríkið ræni fólki úr ferðapjónustu

bth@frettabladid.is

FERÐAPJÓNUSTA Jóhannes Þór Skúlason, formaður Samtaka ferðapjónustunnar, segir að hið opinbera hafi sögað til sín fólki sem áður vann í ferðapjónustu.

„Það vantar fleira starfsfólk. Við erum í fyrsta skipti að ráða óvant fólki til okkar sunnan úr Evrópu.“

Þórarinn Leifsson leiðsögumaður segir starfsfólk í ferðapjónustu á Suðurlandi sligað af álagi, starfsfólk hafi ekki náð að hvilast í tíu daga.

„Við höfum misst svo margt reynt fólki, það tekur tíma að vinna upp gæði og þjónustu,“ segir Jóhannes.

Hann segir tölur Hagstofunnar sýna að í Covid hafi um 9.000 manns horfið úr ferðapjónustu á sama tíma og opinberum starfsmönnum fjölgaði um 5.000 manns.

„Já, ég er í hópi þeirra sem gagnrýna hvernig ríkið hefur sögað til



Það vantar fólki í ferðapjónustu. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÐÓR

sín fólki úr einkageiranum,“ segir Jóhannes. „Það eru ákveðnar viðvörunarþjöllur sem hringja varðandi það hve hið opinbera tekur stóran hlut af vinnuafli.“

Samkeppnin er erfið þegar opinberi markaðurinn borgar jafnvel betri laun en einkageirinn, vinnutími er þægilegri og atvinnuöryggi meira að sögn Jóhannesar.

„Þetta hamlar gegn verðmæta-sköpun í einkageiranum og það er áhyggjuefni,“ segir Jóhannes Þór. ■



37 fóru til Danmerkur að skoða vindmyllur og Nótt býst við góðri aðsókn til Noregs. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Heimsókn í vindmyllugarða líkt við halelúja-samkomur

Sveitarstjórnarfolk hefur flogið til Danmerkur, Spánar og nú Noregs til að skoða vindorkuver. Framkvæmdastjóri Landverndar efast um tilganginn.

kristinnhaukur@frettabladid.is

ORKUMÁL Grænvangur er nú að skipuleggja ferð til Noregs fyrir sveitarstjórnarfolk, og hugsanlega annað fólki úr stjórnsýslu og atvinnulífi, til að skoða og fræðast um vindorkuver. Boðið var upp á slíka ferð til Danmerkur í haust og í vetur fóru fulltrúar Fljótssaldshrepps að skoða vindorkuver á Spáni.

Nótt Thorberg, forstöðumaður Grænvangs sem heyrir undir Íslandsstofu og er samstarfsvettvangur stjórnvalda og atvinnulífs um umhverfismál, segir það mis-skilning að ferðirnar séu boðsferðir. Meðal þeirra sem hafa varað við boðsferðum er Bjarni Jónsson þingmaður Vinstri grænna.

„Ég undirstrika að þetta er ekki boðsferð,“ segir hún. Það sama hafi átt við um ferðina til Danmerkur. „Þátttakendur greiða þetta að fullu sjálfir.“

Auk Grænvangs kemur sendiráð Íslands í Noregi að skipulagningu ferðarinnar, sem verður til Osloar og Stafangurs í vesturhluta landsins. Nótt segir fjölbreyttan hóp fyrirtækja verða heimsóttan, auk samtaka og opinberra stofnana.

„Ég á von á því að það verði áhugi á þessari ferð því í umræðunni hefur oft verið vísað til Noregs,“



Þetta var halelúja-samkoma í Danmörku.



Auður Önnu Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri Landverndar

segir Nótt. En 37 manns fóru til Danmerkur. „Ég held að það sé mikill áhugi að fræðast um þessi mál og mikilvægt að gera það. Við getum lært töluvert af reynslu annarra. Bæði Danir og Norðmenn hafa fengist við vindorku í lengri tíma og geta gefið okkur innsýn í hvað hefur gengið vel hjá þeim og hvað hefði mátt betur fara,“ segir hún.

Jónína Brynjólfsdóttir, forseti sveitarstjórnar í Múlaþingi, fór til Danmerkur og sveitarfélagið mun senda tvo fulltrúa til Noregs einnig. Í Múlaþingi hefur verið töluvert umræða um vindorkuver, einkum á Fljótssaldsheiði. Jónína segir að sveitarfélagið greiði fyrir sína fulltrúa og hefur ekki áhyggjur af einhliða áróðri um vindorku. „Þetta er engin halelúja-ferð,“ segir hún.

„Þetta var halelúja-samkoma í Danmörku. Mér sýnist að dagskrá-



Þetta er engin halelúja-ferð.



Jónína Brynjólfsdóttir, forseti sveitarstjórnar Múlaþings

in í Noregi sé svipuð,“ segir Auður Önnu Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri Landverndar, sem er gagnrýnin á þessar ferðir til að skoða vindorkuver. „Mér finnst þetta rosalega mikið og erfitt að sjá hvað sé hægt að læra af þessu,“ segir hún.

Segir hún að markmið vindorkuvera eigi að vera að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. En í þessum ferðum skorti að rætt sé við aðila sem eru sterkir í náttúruvernd.

Þá sé kolefnissporið af þessu talsvert, til dæmis að flogið sé innanlands í Noregi með allan hópinn til staðar sem á landfræðilega lítið sameiginlegt með Íslandi. Réttara væri að hafa kynningar á málefniinu rafrænar eða senda hingað til lands sérfræðing í málinu.

„Það verður að vera raunverulegt erindi. Ekki bara að fara í skemmtilega ferð,“ segir Auður. ■

Nýfundinn risahellir gæti orðið staður fyrir svamlandi gesti

bth@frettabladid.is

MÝVATNSSVEIT Fundur hellisins undir Jarðböðunum í Mývatnssveit hefur vakið hugmyndir um hvernig hægt sé að nýta nýju náttúruperluna. Björn Hróarsson, jarðfræðingur og hellafræðingur, segir að gaman verði að vita niðurstöður að lokinni könnun.

„Eitt sem mér dettur í hug er að það gæti verið skemmtilegt að fylla þennan helli af heitu vatni og leyfa fólki að synda um hann,“ segir Björn. „Það hefur lengi verið draumur manna í Mývatnssveit að finna nýjan helli fullan af vatni sem hægt væri að synda í.“



Það er einstök tilfinning að koma á stað á jörðinni sem enginn hefur áður farið um.

Björn segist hafa glaðst þegar hann las í Fréttablaðinu að mikill hellir hefði fundist fyrir tilviljun undir mannvirkjum Jarðbaðanna. Sjálfur fann Björn Lofthelli í Búrfellshrauni á öldinni sem leið. Hann varð fyrstur manna til að spóka sig þar um neðanjarðar.

„Það er einstök tilfinning að koma á stað á jörðinni sem enginn hefur áður farið um,“ segir Björn.

Aðeins örfáir hellar hér á landi eru opnir fyrir almennri umferð. Uppfylla þarf öryggiskröfur og ekkert „stórmerkilegt“ eins og Björn orðar það má vera inni í hellum sem gæti skemmt vegna umferðar.

Dagbjört Jónsdóttir, sérfræðingur á sviði náttúruverndar hjá Umhverfisstofnun, segir of snemmt að spá fyrir um hvort umferð almennings verður leyfð í nýja hellinum. Fulltrúar Umhverfisstofnunar hyggist rannsaka hellinn sem fyrst. Sérfræðingur stofnunarinnar í hellum muni svo meta gildi hans. ■



Nýi hellirinn kallast þessa dagana Jarðbaðshellir.

MYND/ADSEND

VÖRULÍNAN INNIHELDUR
GÓÐGERLA (PROBIOTICS)
OG GÓÐGERLANÆRINGU
(PREBIOTICS)

ellen

HUGSAÐU VEL UM ÞÍNA ...



ELLEN – FYRIR KYNFÆRASVÆÐI KVENNA

Ellen vörulínan samanstendur af nýstárlegum og náttúrulegum gæðavörum sem stuðla að réttu pH-gildi fyrir kynfærasvæði kvenna, í gegnum öll stig lífsins. Vörur frá Ellen byggja á einstökum rannsóknum og vöruþróun þar sem áhersla er lögð á að bjóða vörur með nútíma vísindum sem geta hjálpað konum að ná og viðhalda jafnvægi á sýrustigi í leggöngum.

Jafnvægi á sýrustigi legganganna er nauðsynlegt til að viðhalda heilbrigði kynfæranna.

Á vissum tímabilum í lífi kvenna er meiri hættu á að sýrustigið fari úr jafnvægi. Þetta getur til dæmis gerst meðan á blæðingum stendur, á meðgöngu, eftir sýklalyfjakúra eða í tengslum við breytingaskeiðið.



FÆST Í APÓTEKUM OG FRÆINU FJARÐARKAUP

Æ erfiðara að halda lokinu á greinargerðinni

Þrátt fyrir að forysta Sjálfstæðisflokksins leggi ofurkapp á að halda greinargerð Sigurðar Þórðarsonar um starfsemi Lindarhvals leyndri virðist samstaða stjórnarliðsins í málinu vera að riðlast. Þingmenn hafa ýmsar leiðir til að svæla greinargerðina fram í dagsljósið.

olafur@frettabladid.is

Stjórnarmeirihlutinn á Alþingi meinaði í gær Jóhanni Páli Jóhannssyni, þingmanni Samfylkingarinnar, að beina fyrirspurnum til Birgis Ármannssonar, forseta Alþingis um greinargerð Sigurðar Þórðarsonar fyrrverandi setts ríkisendurskoðanda um starfsemi Lindarhvals.

Allir stjórnarliðar, sem greiddu atkvæði, sögðu nei. Athygli vakti hins vegar að einhverjir þingmenn Vinstri grænna kusu fremur að vera fjarstaddir en að greiða atkvæði með stjórnarmeirihlutanum. Nokkuð hafði gengið á fyrir atkvæðagreiðsluna og var henni tvívegis frestað. Heimildir Fréttablaðsins herma að mikill titringur hafi verið meðal forystu Sjálfstæðisflokksins vegna málsins.

Þrátt fyrir að ástæðan sem gefin er upp af hálfu þingforseta og forystu Sjálfstæðisflokksins fyrir því að trúnaður skuli gilda um greinargerð Sigurðar sé sú að skjalið sé vinnugagn innan Ríkisendurskoðunar, þykir lögfróðum sú röksemd fráleit. Settur ríkisendurskoðandi hafi þegar sent Alþingi skjalið og því sé það opinbert plagg sem ekki sé hægt að halda leyndu fyrir þingmönnum eða almenningi.

Enn fremur vitnar Skúli Eggert Þórðarson, þáverandi ríkisendurskoðandi, níu sinnum til greinargerðarinnar í skýrslu Ríkisendurskoðunar og andmæli og geri athugasemdir við mörg atriði í greinargerðinni. Af því er ljóst að Skúli litur á greinargerð Sigurðar sem opinbert plagg sem svara verði í skýrslunni.

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem þingforseti meinar þingmanni að bera fram fyrirspurn um tiltekið mál. Áður hefur komið fram að 1989



Birgir Ármannsson mun ekki geta bannað framlagningu þingsályktunartillögu eins og hann gerði við fyrirspurn Jóhanns Páls Jóhannssonar, þingmanns Samfylkingarinnar, í Lindarhvalsmálinu.

FRÉTTABLAÐID/VALLI

var Stefáni Valgeirssyni meinað að leggja fyrirspurn fyrir forseta. Í það sinn tók þingheimur fram fyrir hendur forseta og heimilaði fyrirspurnina. Nú virðist aginn í stjórnarliðinu vera meiri.

10. október 1982, á 105. löggjafarþingi, meinaði Jón Helgason, þáverandi forseti Sameinaðs Alþingis, Vilmundi Gylfasyni að spyrja dómsmálaráðherra um tiltekna embættisfærslu sýslumannsins í Hornafirði. Vilmundur hafði krók á móti bragði.

Hann bar upp þingsályktunartillögu um skipun tveggja manna nefndar til að spyrja dómsmálaráðherra spurningar um að hann hefði talið ástæðu til að gera athugasemd við tiltekna embættisfærslu sýslumannsins í Höfn í Hornafirði.

Forseti Alþingis og þingið getur bannað fyrirspurnir þingmanna en engin heimild er til að banna framlagningu þingsályktunartillögu. Svo fór í þessu tilviki að í umræðum á þingi um þingsályktunartillöguna svaraði Friðjón Þórðarson, þáver-



Vilmundur Gylfason hafði krók á móti bragði þegar forseti Sameinaðs Alþingis bannaði honum að spyrja dómsmálaráðherra fyrir rúmum 40 árum.

FRÉTTABLAÐID/GVA



Vilmundur Gylfason lagði fram þingsályktunartillögu þegar forseti bannaði honum að spyrja dómsmálaráðherra 1982.

andi dómsmálaráðherra, spurningunni sem forseti þingsins bannaði að yrði borin upp.

Þingsköp bjóða upp á fleiri leiðir til að fá greinargerð Sigurðar Þórðarsonar birta. Níu þingmenn geta óskað eftir skýrslu ráðherra um opinbert málefni. Sama getur þingnefnd, eða meirihluti hennar, gert. Ráðherra hefur þá tíu vikna frest til að ljúka skýrslugerðinni og skila til þingmanna.

Þá geta níu þingmenn farið fram á skýrslu frá ríkisendurskoðanda um einstök mál eða málaflokka. Forseta ber að senda ríkisendurskoðanda slíka beiðni.

Með hliðsjón af þessum heimildum væri kannski ráð að níu þingmenn taki sig saman og óski eftir því að Sigurði Þórðarsyni, fyrrverandi ríkisendurskoðanda, verði falið að taka saman skýrslu um tiltekna þætti í starfsemi Lindarhvals. Í greinargerð komi fram að Sigurður eigi einmitt skýrslu sem hann hafi tekið saman og því ætti kostnaður við skýrslugerðina að vera hverfandi, auk þess sem Sigurður gæti afhent Alþingi skýrslu sína á mjög skömmum tíma.

Ljóst er að þingmeirihluti er fyrir því að birta greinargerð Sigurðar Þórðarsonar um Lindarhvol. Í atkvæðagreiðslu í forsætisnefnd um málið á mánudag vildu allir nefndarmenn nema Birgir Ármannsson birta greinargerðina, meira að segja Dilljá Mist Einarsdóttir, hinn fulltrúi Sjálfstæðisflokksins í nefndinni. Því má búast við að styttest í að greinargerðin komi fram í dagsljósið. ■

SVIPMYND

Á eftir að rannsaka París betur

Guðrún Árný Guðmundsdóttir

Nám:

- Meistarapróf í forystu og stjórnun, með áherslu á þjónandi forystu, frá Háskólanum á Bifröst.
- LSRM-söngkennarapróf á vegum Royal School of Music.

Störf:

- Vann á skrifstofu Malbikstöðvarinnar árin 2014–2020 og sinnti þar tilfallandi verkefnum á skrifstofu fyrirtækisins.
- Stöðvarstjóri hjá Osteostrong á Íslandi.
- Söngkennari og kórstjóri hjá Söngskólanum Domus Vox, Stúlknaður Reykjavíkur og Samkór Reykjavíkur.
- Mannauðsleiðtogi hjá Malbikstöðinni.

Fjölskylduhagir:

Gift Steini Óskari matreiðslumeistara og saman eignum við þrjár dætur, þær Söndru Dögg, Mariu Ósk og Dagnýju Sól. Erum líka svo heppin að eiga yndislega ömmu- og afastelpu, Söllu Dögg sem Sandra okkar á með unnusta sínum, Ingimundi Elí.

Hver eru þín helstu áhugamál?

Samvera með fjölskyldu og nánustu vinum er mitt aðaláhugamál og ég legg mikið upp úr því að rækta þau sambönd vel og vandlega. Eftir að hafa búið í Danmörku til skamms tíma áttaði ég mig á því hvað fjöllin, hafið og sviptingar í veðri eru stór hluti af minni velliðan, en útvera og ferðalög eru áhugamál sem við Steini deilum. Við hjónin grípum svo hvert tækifæri sem gefst til að yfirgefa borgina og njóta sveitasælunnar í fjölskyldubústað sem við erum svo heppin að hafa aðgang að.

Hver er þín helsta fyrirmynd?

Ég á mér enga eina sérstaka fyrirmynd en ég kys að sjá, velja og til-einka mér góða og nýtsamlega eiginleika og venjur þeirra sem verða á vegi mínum. Með hækkandi aldri er ég að læra að skilja ósiði annarra eftir hjá þeim sjálfum því ég hef nóg með mína eigin.

Hver hafa verið mest krefjandi verkefni á undanförunum miss-erum?

Ég starfaði hjá Malbikstöðinni í tæp sjö ár áður en ég tók þriggja ára ævintýra- og námsþásu í Danmörku. Það er búið að vera krefjandi að koma til baka þar sem fyrirtækið óx á miklum hraða á stuttum tíma



Guðrún Árný segir góðan árangur alltaf byrja á því að hlusta og skilja hvaðan fólk er að koma og átta sig á þörfum einstaklingsins.

FRÉTTABLAÐID/ERNIR

og því af mörgu að taka. Það er svo sannarlega gefandi að takast á við krefjandi verkefni þegar samheldnin og viljinn til að vanda sig og gera vel ríkir í sterkum og stöðugum hópi starfsfólks. Þannig er það hjá okkur.

Hvaða áskoranir eru fram undan?

Áskoranir í lífi og starfi eru alltaf til staðar en mín helsta áskorun er líklega að stýra orkunni með-

vitað, þannig að hún nýtist sem best, svo ég njóti þess í ræmur að vera mamma, eiginkona, amma, dóttir, vinkona og mannauðsleiðtogi. Flesta daga er áskorunin ferlega skemmtileg en stundum getur þetta verið ögn flókið.

Hvar sérðu þig eftir tíu ár?

Klárlega mun ég njóta mikils tíma með Steina mínum uppi í sumarbústað að dytta að hinu og

þessu með hrúgu af góðu fólki og barnabörnum í kringum okkur. Hvað atvinnu varðar þá er ég svo innilega sátt við mína stöðu í dag og kys að einblína á að sinna því starfi vel á meðan ég hef eitthvað að gefa og krafta minna er óskað. Eitt eða tuttugu ár fram í tímann – þetta verður bara að koma í ljós.

Ef þú þyrftir að velja annan starfsframa, hvað yrði fyrir valinu?

Alltaf mun ég velja mér starf sem snýst um að efla og styðja fólk og teymi til að gera eitthvað frábært. Það er svo magnað að verða vitni að getu og aðlögunarhæfni einstaklinga til að verða betri í dag en í gær, í víðasta skilningi. Það er alveg sama hvort við erum að tala um stóra hráa tækjamenn eða ungmenni að taka sín fyrstu skref á sviði atvinnu. Góður árangur byrjar alltaf á því að hlusta og skilja hvaðan fólk er að koma og þannig átta sig á þörfum einstaklingsins til að ná árangri í átt að sínum eigin og sameiginlegum markmiðum teymisins.

Hver er uppáhaldsborgin þín?

Ég á eftir að rannsaka París betur en það sem ég hef séð af henni heillar mig meira en margar aðrar borgir. ■

Helmingur tekna frá skemmtiferðaskipum

Forsvarsmenn skemmti-ferðaskipa segja að margar breytingar hafi átt sér stað í iðnaðinum og sýna tölur úr loftgæðamæli Faxaflóahafna að mengun hafi ekki farið yfir umhverfismörk árið 2022. Þeir segja skemmtiferðaskipin mikilvæga líflínu smærri sveitarfélaga.

helgisteinar@frettabladid.is

Faxaflóahafnir sendu nýlega frá sér tilkynningu þar sem bent var á að loftgæðamælir Faxaflóahafna í Laugarnesi sýndi að mengunar-efni vegna viðlegu skemmtiferðaskipa á Skarfabakka fóru ekki yfir skilgreind umhverfismörk á árinu 2022 í neinu tilviki. Þeir sem tengjast komum skemmtiferðaskipa telja margir umræðuna um mengun og óhagkvæmni innan þjónustunnar vera úrelða.

Heimsfaraldurinn reyndist mjög erfitt tímabil fyrir rekstur skemmti-ferðaskipa og fengu skipin meðal annars stimpil á sig sem „pláguskip“ þegar myndir birtust á heimsvísu sem sýndu bæði smitaða farþega og áhafnir fastar um borð. Þar á undan höfðu skipin verið gagnrýnd fyrir mengun og offramboð á ferðamönnum en árið 2019 fóru 30 milljón manns um borð í skemmti-ferðaskip um heim allan.

Pétur Ólafsson, hafnarstjóri hjá Hafnasamlagi Norðurlands, segir að miklar breytingar hafi átt sér stað innan þjónustunnar undan- farin ár og að mikilvægt sé að hafa þær breytingar í huga í ljósi þess hve mikilvægur iðnaðurinn er nú orðinn fyrir margar smærri hafnir á Íslandi. Á milli 15 til 20 hafnir fá skemmtiferðaskip til sín árlega og eru komur þeirra farnar að skipta bæði hafnarsjóði og sveitarsjóði gríðarlega miklu máli.

„Mörg af þessum „leiðinlegu“ skipum með óhagstæðum vélum voru tekin og rifin í heimsfaraldri- num. Þannig að eftir standa ný skip með umhverfisvænni vélum sem eyða minna. Nýjustu skipin eru til dæmis öðruvísi í laginu og eru gerð þannig að þau kljúfi öldurnar betur sem kallar á minni orku. Ég get alveg lofað þér því að það vill ekkert skipafélag fá á sig stimpil fyrir að vera einhver meng-ungarsóði.“

Pétur segir einnig að faraldurinn hafi ýtt við þróun sem var þegar byrjuð og eru velflest skip nú komin með hreinsibúnað sem hreinsar útblásturinn um allt að 98 prósent. Þar að auki hafa mörg skip einnig möguleika á að nota aðra umhverf- isvænni orkugjafa.

„Hvort sem við erum að tala um skip, bíl eða flug. Þetta mengar allt saman. Okkur finnst samt eins og fólk sé að tala þennan iðnað niður út af einhverri ímyndaðri sam- keppni. Fram til þessa hafa farþegar skemmtiferðaskipa bara verið sex til átta prósent af heildarferða- mönnum sem koma til landsins.“

Umhverfisstofnun staðfestir í samtali við Fréttablaðið að brenni- steinsmagnið sem stofnunin mælir í útblæstri frá skemmtiferðaskipum sé undir einu prósent og jafnframt er tekið undir að margar jákvæðar breytingar hafi átt sér stað undan- farin ár.

Ingvar Örn Ingvarsson, talsmaður Cruise Iceland, telur að sú neikvæða umræða um skemmtiferðaskip sem eigi sér stað samsvari náttúrulegri þróun ferðaþjónustunnar í litlu landi eins og Íslandi.

„Upphafið á þessu öllu saman er þegar fólk hefur einhverjar fyrir- framgefningar hugmyndir um það hvernig hlutirnir eru og þekkir ekki hvernig þeir eru raunverulega, það er einmitt það sem veldur for- dómum. Í landi eins og á Íslandi þar



Skemmtiferðaskip skiluðu meðal annars 500 milljónir króna í hafnartekjur fyrir Akureyrarbæ.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

182.000

Farþegar til Akureyrar.

19.913

Íbúafjöldi á Akureyri.

120.000

Farþegar til Ísafjarðar.

3.840

Íbúafjöldi Ísafjarðar.

45.000

Farþegar til Grundarfjarðar.

840

Íbúafjöldi Grundarfjarðar.

290.000

Farþegar til Reykjavíkur.

135.668

Íbúafjöldi Reykjavíkur.

”

Mörg af þessum „leið- inlegu“ skipum með óhagstæðum vélum voru tekin og rifin í heimsfaraldrinum.



Pétur Ólafsson, hafnarstjóri hjá Hafnasamlagi Norðurlands

”

Fólk fer út og gerir aðra hluti en að borða bara þrjár máltíðir uppi á hóteli alla daga.



Ingvar Örn Ingvarsson, tals- maður Cruise Iceland

sem ferðaþjónustan er tiltölulega ný af nálinni þá kemur alltaf eitthvað nýtt inn eins og skemmtiferðaskip og því fylgja fordómar alveg eins og það voru fordómar gagnvart bak- pokaferðamönnum og lággjalda- flugfélögum á sínum tíma.“

Ingvar segir það einnig vera mis- skilning að farþegar skemmtiferða- skipa eyði litlu í landinu. Hann segir stóran hluta ferðamanna skemmti- ferðaskipa vera verðmæta ferða- menn, frekar en ódýra ferðamenn og að miklu sé eytt þrátt fyrir fyrir- framgreidda fæðu og gistingu.

„Íslendingar fara til dæmis til Tenerife í massavís og eru oft í fullu fæði á hótelinu, en það eru ekki margir sem borða bara hótelmata-

inn. Fólk fer út og gerir aðra hluti en að borða bara þrjár máltíðir uppi á hóteli alla daga.“

Sigurður Jökull Ólafsson, mark- aðsstjóri Faxaflóahafna, segir að farþegum skemmtiferðaskipa megi í raun skipta í tvennt. Í fyrsta lagi eru þeir sem skilgreinast undir almenna viðkomu og annars vegar skiptifar- þegar. Það eru þeir farþegar sem hefja eða ljúka siglingu í höfn, fljúga til og frá landinu og dvelja einhverja daga í landi með tilheyrandi eyðslu fyrir eða eftir skemmtisiglinguna. Hann segir að tölur frá Kaupmanna- höfn og Stokkhólmi sýni að slíkir skiptifarþegar skilji eftir sig þrisvar sinnum meira í landi.

„Í ár til dæmis þá áætluð við að um 84 þúsund farþegar sem koma til Reykjavíkur verði skiptifarþegar.

”

Skipin hafa einnig verið kærkomin við- bót á þeim svæðum þar sem gistirými er takmarkað.



Sigurður Jökull Ólafsson, markaðsstjóri Faxaflóahafna

vegar á að gestir skemmtiferðaskipa sem koma til Íslands óski heldur ekki eftir að það sé farið yfir þau mörk sem hvert svæði þolir.

„Fyrir hafnir eins og Ísafjörð, Akureyri, Seyðisfjörð og svo fram- vegis þá skipta komur skemmti- ferðaskipa gríðarlega miklu máli – enda standa komur skemmtiferða- skipa oft undir meira en 50 pró- sentum af tekjum þeirra hafna. Þar sem sveitarfélögin í kringum hverja höfn eru eigendur hafnanna, nýtur samfélagið í kringum hverja höfn góðs af því.

Skipin hafa einnig verið kær- komin viðbót á þeim svæðum þar sem gistirými er takmarkað,“ segir Sigurður. ■



Kaup, sala og samruni fyrirtækja

- Verðmat
- Ráðgjöf og undirbúningur fyrir sölumeðferðir
- Milliganga um fjármögnun
- Samningagerð

Kontakt

kontakt@kontakt.is | 414 1200 | Ránargata 18, 101 Reykjavík

www.kontakt.is

Skriðdrekalausi brandarinn



Pórarinn
Þórarinnsson
thorarin
@frettabladid.is

Baldur Þórhallsson, stjórnmálafræði-
prófessor við Háskóla Íslands, sagði
við Fréttablaðið.is fyrir ellefu mán-
uðum að hann teldi mikilvægt að
„við byrjum að vinna heimavinnuna
okkar og við byrjum að móta okkur þá stefnu
hvernig við myndum helst vilja sjá vörnum
Íslands fyrirkomið.“

Ekki hefur farið mikið fyrir þessari heima-
vinnu síðan þá en vandræðalegt andvaraleysi
ríkisstjórnarinnar í varnarmálum þarf þó ekki
að koma á óvart þar sem henni virðist hafa
verið klastrað saman með þriggja þátta tonna-
taki almenns aðgerða-, áhuga- og prinsipp-
leysis.

Baldur ýfði síðan fjaðrir íslenskra friðardúfna
þegar hann sagðist telja „mikilvægt fyrir okkur
að vera með litla fasta öryggissveit“.

Arnór Sigurjónsson heggur dýpra í sama
knérunn um helgina og kastaði sprengju með
bókinni Íslenskur her.

Hugmynd Arnórs hefur að vísu fallið, nánast
þverpólítískt, í vægast sagt grýttan jarðveg
þjóðar sem stærir sig, á tyllidögum jafnt sem
virkum, af herleysi sínu og djúpstæðri friðarást.

Það breytir því þó ekki að ógnirnar eru
viða og leynast ekki. Stríð geisar í Evrópu og
kínverskir njónsnabelgir sveima yfir himnum
norðurskauts og netheima án þess þó að íslensk
yfirvöld sjái neitt nema grín og glens á TikTok.

Og hver á að verja eftirsóttar lindir landsins,
sem vel þjálfuð sveit málaliða gæti sjálf sagt
yfirtekið á eins og einu eftirmiðdegi, þegar
vatnið leysir olíuna af hólmi sem eftirsóttasti
vökvi veraldar síðar á þessari öld?

Þúsund manna íslenskur her væri þá lítills
megnugur, jafnvel þótt hann hefði sérsveit
ríkislögreglustjóra og umferðarlögguna sér til
fulltingis. Eina raunverulega gagnið sem fólgið
er í hugmyndinni um íslenskan her er að hún
kveikir hressilega umræðu sem vekur almenn-
ari áhuga á varnarmálum.

Annars er íslenskur her ekkert annað en
svo góður brandari að enn bergmálar hlátur
Vladimirs Zjirinovskij, hins nú dauða leið-
toga þjóðernissinna í Rússlandi, sem brást við
íslenskum belgingi Jóns Baldvins Hannibals-
sonar, þá utanríkisráðherra, fyrir 30 árum
þegar Ísland varð fyrst til að viðurkenna á ný
sjálfstæði Eyrstrasaltsríkjanna:

„Hvers vegna eruð þið í NATO, án þess að eiga
svo mikið sem einn skriðdreka eða kafbát?
Til hvers að vera í NATO? NATO bjargar ykkur
aldrei. Með nokkrum tundurskeytum og loftá-
rás er eyjan ykkar búin að vera.“

Eigum við að ræða þetta eitthvað? ■

HALLDÓR



FRÁ DEGI TIL DAGS

gar@frettabladid.is

Nafnahríngi

Hótelin á Íslandi heita ýmsum
nöfnum. Sumum hótélum nægir
ekki aðeins eitt nafn því loksins
þegar maður er búinn að ná að
leggja nafnið á minnið þá er
gamla nafnið fyrir bí og nýtt
smartara komið utan á húsið.
Dæmi um þetta er hótelið sem
um skeið hét Reykjavík Natura
og hvílir við rætur Öskjuhlíðar.
Eftir eigendaskipti var nafn-
inu breytt í Reykjavík Natura
– Berjaya Iceland Hotels. Þar
funduðu Samtök sparifjäreig-
enda í gær. Til að vera viss um að
fundargestir rötuðu á staðinn
auglýstu samtökin innan sviga
að fundurinn yrði á Hótel Loft-
leiðum – sem er náttúrulega hið
upphaflega, eðlilega og eina
réttu nafn.

Flotinn ósigrandi

Nú er komið á daginn að ófært
verður í tónleikasal einn í Liver-
pool í maí einmitt þegar hið
verðandi íslenska sigurlag verður
flutt í Eurovision. Svo rammt
kveður að þessu að fjölskyldan
hennar Diljár sem keppir í hinni
ensku hafnarborg eygir ekki von
um að komast í salinn. En lausnin
er þó til. Við sendum öll okkar
fley af stað; Norrænu, Viðeyjar-
ferjuna, Breiðafjarðarferjuna,
Herjólf, hvalveiðibátana, alla
hafnsögubátana og varðskipin
full af glimmerliði, gerum áhlaup
á Eurovisionsalinn, náum sætum
á fremsta bekk og hefum í
leiðinni fyrir gömul landhelgis-
brot Breta. ■

Eftirlitshlutverk Alþingis



Helga Vala
Helgadóttir
þingmaður Sam-
fylkingarinnar

Eitt af grundvallarhlutverkum Alþingis er að hafa
eftirlit með framkvæmdarvaldinu, það er ráðherrum
og stjórnsýslunni. Þingmönnum ber að rækja hlut-
verk sitt samkvæmt bestu sannfæringu og þá skiptir
máli að almannahagsmunir ráði ákvörðunum þeirra
en ekki hagsmunir stjórnmálaflokka eða líf ríkis-
stjórnar.

Þingmenn hafa ýmis tæki til að rækja sínar eftir-
litsskyldur, þeir geta beðið ráðherra um skýrslur,
óskað stjórnsýsluúttektar frá Ríkisendurskoðun eða
lagt fram fyrirspurnir til ráðherra. Þá óska þingmenn
margvislegra upplýsinga í nefndum þingsins frá sér-
fræðingum og hagaðilum.

Því miður hefur það orðið æ algengara í seinni tíð
að stjórnarliðar á Alþingi beita meirihlutavaldi sínu
gegn því að mál séu rannsökuð með fullnægjandi
hætti. Ráðherrar svara ekki spurningum sem fyrir þá
eru lagðar, meirihluti í nefndum greiðir atkvæði um
lok rannsóknar mála þrátt fyrir að fulltrúar stjórnar-
andstöðu hafi óskað frekari upplýsinga.

En Alþingi getur líka sett á laggirnar rannsóknar-
nefnd á vegum Alþingis en slík nefnd hefur mun
meiri heimildir en aðrir tiltækir til að knýja á um
afhendingu gagna, hvort sem um er að ræða Alþingi,
Ríkisendurskoðun eða Umboðsmann Alþingis.
Hefur það ítrekað gerst að ríkisendurskoðandi hafi
greint svo frá að hann hafi ekki fengið umbeðin gögn
frá stjórnvaldi og var til dæmis um það að ræða hjá
settum ríkisendurskoðanda við skoðun hans á sölu
eigna Lindarhvals, sem mikið hefur verið rætt um
að undanfögnu. Sagði hann nýverið fyrir dómi að
erfiðlega hefði gengið að fá umbeðin gögn afhent. Því
miður hefur meirihluti þings á undanfögnu árum
einnig hafnað því að skipuð sé rannsóknarnefnd
vegna sölu á almenningseignum.

Leyndarhyggja stjórnarflokkanna hefur nú náð
hámarki með atkvæðagreiðslu í þinginu í vikunni
gegn því að almenningur fengi að vita hvað settur
ríkisendurskoðandi komst á snóðir um. Almennigur
má ekki vita hvernig farið er með almannaeigur og
við það eigum við að búa. ■


”

„Hvers
vegna
eruð þið
í NATO,
án þess að
eiga svo
mikið sem
einn skrið-
dreka eða
kafbát?“

FRÁBÆRT TILBOÐ á kver.is – kr. 2.999


Fyndin og
frumleg
bók fyrir
lesendur á
aldrinum
6-106.

Frí heimsending
á höfuðborgarsvæðinu!



MERKISATBURÐIR

- 1971** Bardagi aldarinnar fer fram; Joe Frazier sigrar Muhammad Ali í hnefaleikum í Madison Square Garden.
- 1973** IRA stendur fyrir sprengjutilræðum í Whitehall og Old Bailey í London.
- 1973** Íbúar Norður-Írlands kjósa að vera áfram hluti af Bretlandi. Írskir þjóðernissinnar hvetja fólk til að sniðganga kosningarnar.
- 1974** Charles de Gaulle-flugvöllur opnaður í París.
- 1979** Hollenska fyrirtækið Philips kynnir geisladiskinn opinberlega.
- 1980** Íslenska kvikmyndin Veiðiferðin frumsýnd.
- 1980** Fyrsta rokkhátíðin í Sovétríkjunum hefst í Tbilisi.
- 1983** Alþingi lögfestir Lofsöng (Ó, guð vors lands) sem þjóðsöng Íslendinga.
- 1983** IBM setur tölvuna IBM PC XT á markað.
- 1983** Ronald Reagan kallar Sovétríkin „heimsveldi hins illa“.
- 1985** Bílsprengja, sem beint er gegn íslamska klerkinum Sayyed Mohammad Hussein Fadlallah, springur í Beirút með þeim afleiðingum að 80 deyja.
- 1986** Japanska könn-unarfarið Suisai flýgur fram hjá hala-stjörnu Halleys.
- 1990** Samtökin Stígamót stofnuð.
- 2008** Hljómsveitin Jakobinarína heldur sína síðustu tón-leika á Organ.



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,
Magnús R. Jónsson
kaupmaður,

lést síðastliðinn sunnudag á Sólvangi í Hafnarfirði.

Guðbjörg Magnúsdóttir
Björk Magnúsdóttir
Magnús R. Magnússon

Sigurður Hallgrímsson
Kristjana Kristjánsdóttir

Ástkær stjúpfaðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi, bróðir og mágur,
Jón Friðrik Sigurdsson

sem varð bráðkvaddur að heimili sínu, Móhelli 16, Selfossi, 28. febrúar síðastliðinn, verður jarðsunninn frá Bústaðakirkju þriðjudaginn 14. mars klukkan 15.

Jón Rúnar Einarsson
Anna Einarsdóttir
Herdís Einarsdóttir
Aðalheiður S. Einarsdóttir
Kristján Þór Ingvarsson
Markús Sigurdsson

Kristín Valborg Sævarsdóttir
Indriði Karlsson
Jón Ingi Björgvinsson
Aðalheiður Bjarnadóttir
Erna Brynjólfssdóttir
og fjölskyldur

Til að birta andláts-, útfarar- eða þakkartilkynningar í Fréttablaðinu þarf að senda tölvupóst á timamot@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5055 .

Eyja í margvíslegum skilningi

Kristín Loftsdóttir mannfræðingur segir að í umræðunni um að gera ákveðin málefni sýnileg sé mikilvægt að staldra við og spyrja: Sýnileiki fyrir hverja?

arnartomas@frettabladid.is

Kristín Loftsdóttir, prófessor í mannfræði við Háskóla Íslands, flytur hádegiserindi í Gerðarsafni í dag þar sem hún mun skoða sýnileika og ósýnileika jaðarsettra hópa og uppgjör við kynþáttahyggju.

„Ég ætla að skoða hugtakið sýnileika í tengslum við ósýnileika og hvernig við getum notað það til að hugsa um tengslin milli fortíðar og samtíðar,“ útskýrir Kristín. „Í umræðunni í dag erum við svo oft að tala um hvernig við getum gert ákveðin málefni sýnileg til þess að reyna að ýta samfélaginu til betri vegar. En þá er svo mikilvægt að staldra við og spyrja: Sýnileiki fyrir hverja?“

Kristín segir að þegar við spyrjum okkur að því þá leiði það okkur til umræðu um forréttindi.

„Ákveðnir aðilar hafa forréttindi sem lýsa sér í því að ákveðin málefni hafa verið þeim ósýnileg eða að þeir hafi ekki þurft að hugsa um þau,“ segir hún.

Samtengd saga

Í erindi sínu hyggst Kristín leggja sérstaka áherslu á kynþáttafordóma og sögu heimsins sem sé samtengd ofbeldi og nýlendustefnu.

„Þrátt fyrir að við höfum alls konar fræði sem kortleggja þessa sögu og hversu lengi hið hnatt-ræna norður hefur verið í tengslum við hið hnatt-ræna suður þá gleymast þessi tengsl oft í ákveðinni umræðu, eins og til dæmis þegar við tölum um flóttafólk og hælisleitendur,“ segir hún. „Það verður ósýnilegt hversu mikið af sögunni síðastliðin fimm hundruð ár snýst um heim sem er mjög samtengdur.“

Ekki bara eyja

Að mati Kristínar er eitt af einkennum 21. aldarinnar að fólk sé í sífelld auknum mæli farið að hugsa um sjálft sig í hnatt-rænu samhengi.

„Ekki bara út frá þeim breytingum sem hafa orðið í samtímanum, heldur líka í samhengi við málefni eins og umhverfismál og hvernig aðgerðir hafa haft viðtæk áhrif, bæði annars staðar og inn í framtíðina,“ lýsir hún. „Við hér á Íslandi höfum í langan tíma hugsað um okkur sem eyju í mjög margvíslegum skilningi og umræðan hefur einkennt mjög afsérstöðuhyggju.“

Sem dæmi rifjar Kristín upp sam-



Kristín segir ákveðna aðila hafa forréttindi sem lýsi sér í því að ákveðin málefni hafi verið þeim ósýnileg eða að þeir hafi ekki þurft að hugsa um þau. MYND/ADSEND

”

Við hér á Íslandi höfum í langan tíma hugsað um okkur sem eyju í mjög margvíslegum skilningi og umræðan hefur einkennt mjög af sérstöðuhyggju.

félagsumræðuna sem myndaðist eftir efnahagshrunið.

„Þá var umræðan lengi vel eins og ekkert væri að gerast annars staðar í heiminum. Við sjáum alltaf betur hvað Ísland hefur verið hluti af samtengdum heimi, ekki bara síðastliðin þrjátíu ár heldur í miklu lengri tíma.“

Brot í nýju ljósi

Kristín segir mikilvægt að Íslendingar átti sig á því að við glímum við sömu áskoranir og aðrir.

„Ein af þessum áskorunum er einmitt fordómar og óréttlæti fortíðarinnar,“ segir hún. „Þótt Íslendingar hafi ekki átt nýlendu sjálfir þá tóku íslenskir menntamenn þátt í umræðu sem einkenndi umræðuna í Evrópu um fjölbreytileika. Það var ein af leiðunum sem Íslendingar nýttu til að staðsetja sig í þeim hópi sem þeir töldu vera síðmenninguna.“

Erindi Kristínar er flutt sem hluti af fyrirlestraröð sem haldin er í tengslum við sýninguna Að rekja brot sem nú stendur yfir í Gerðarsafni.

„Ég held að nafnið á sýningunni sé áhrifamikið til að velta fyrir sér hvernig við ætlum að glíma við fortíðina. Við getum notað brot úr fortíðinni til að skapa einhvers konar heildarmynd, en við getum líka notað brot til þess að sjá hlutina út frá nýju sjónarhorni.“ ■

Hræðslan við að eldast

arnartomas@frettabladid.is

Sýningin Ég lifi enn – sönn saga var frumsýnd í Tjarnarbíói í upphafi árs og hefur hlotið frábærar viðtökur. Í stuttu máli er verkið innblásið af persónulegri reynslu aðstandenda af því að fylgja sínum nánustu inn í þriðja æviskeiðið og þeirra sem eru staddir í því sjálfir.

Eftir sýninguna í dag, á alþjóðlegum baráttudegi kvenna, verður boðið upp á umræður um sýninguna og efni hennar út frá heilbrigðiskerfinu, aðstandendum og félagslífi eldra fólks.

„Það er mjög spennandi að gera sýningu sem hefur brýnan boðskap og við lögðum frá upphafi af stað með að gera þetta sem vakningarverk,“ segir Rebekka A. Ingimundardóttir, listrænn stjórnandi verkefnisins. „Þetta virðist ná til bæði yngri og eldri kynslóðarinnar. Við erum svo hrædd við hugmyndina um að eldast og jafnvel eldra fólk, en sumir vilja meina að það sé vegna þess að eldra fólk minni okkur á dauðann.“

Hópurinn sem tekur þátt í umræðunum í dag er fjölbreyttur, en þar verða Alma Möller landlæknir, Guðbjörg Pálsdóttir, formaður Félags íslenskra



Sýningin tekur á ólíkrri upplifun fólks af þriðja æviskeiðinu.

hjúkrunarfræðinga, Berglind Magnúsdóttir, verkefnastjóri Gott að eldast, Helga Margrét Guðmundsdóttir, tómstunda- og félagsfræðingur, verkefnastjóri félagsauðs hjá Reykjavíkurborg, og Soffía Dögg Garðarsdóttir, aðstandandi og stofnandi Skreytum hús.

„Leiksýning er eitt, þar sem verið er að fylla upp í hið listræna, en svo er hjartað

eitt og hugurinn annað. Þegar við tölum um hugann þá þarf hann oft meira pláss til að skilja það sem hann var að skynja,“ svarar Rebekka aðspurð hvernig hugmyndin um umræðurnar kom til. „Við vildum geta rætt upplifunina sem fólk fær í tengslum við það að horfa á verkið og skoða ólík sjónarhorn út frá konum og umönnunarstörfum.“ ■



FORLAGIÐ

Alltaf opið á www.forlagid.is

MIÐVIKUDAGUR 8. mars 2023

KYNNINGARBLAÐ



Hayden Panettiere syrgir nú yngri bróður sinn sem lést í febrúar.

Opnar sig um andlega vanheilsu

thordisg@frettabladid.is

Bandaríska leikkonan Hayden Panettiere (33) snýr aftur á hvíta tjalddið í hrollvekjunni *Scream VI* sem frumsýnd verður 10. mars. Þar verður hún í hlutverki Kirby Reed sem hún lék síðast í *Scream*-seríunni árið 2011.

Hayden lék nær óslitið í sjónvarpi sem barn og unglingur. Hún tók við aðalhlutverki í sjónvarpsþáttunum *Nashville* árið 2012 en þegar framleiðslu þeirra lauk 2018 dró hún sig í hlé frá sviðsljósinu.

„Ég vissi ekki hvað ég vildi gera næst. Ég varð að taka mér fjögurra ára hvíld og guði sé lof að ég gerði það. Ég varð að sinna andlegri og líkamlegri heilsu“ sagði Hayden við *Good Morning America*.

Leikkonan ræðir jafnframt andlegt heilsufar sitt í aprílhefti *Women's Health*. Þar segist hún hafa skráð sig í meðferð árið 2015 þegar hún var að „drukkna“ í þáttagerð *Nashville*. Hún upplifði fæðingarþunglyndi eftir fæðingu dóttur sinnar og viðurkennir að hafa þá hallað sér að flöskunni.

„Ég hefði átt að fara á þunglyndislyf en maður þarf að finna réttu lyfin. Þau virka ekki vel með alkóhóli og ég var ekki tilbúin að hætta að drekka,“ sagði Hayden sem fór í áfengismeðferð 2021.

Þegar tækifæri gafst til að snúa aftur í *Scream* var hún tilbúin.

„Ég fann að ég vildi verða hluti af *Scream* á ný því ég vonaði að Kirby Reed væri enn á lífi.“ ■



„Á fjallastígum og slóðum verður tíminn og kílómetrar afstæðir,“ segir Kjartan Long sem hefur stundað utanvega- og fjallahlaup frá árinu 2015.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Nærandi fyrir líkama og sál

Utanvega- og fjallahlaup hafa skipað stóran sess í lífi Kjartans Long frá árinu 2015. Þar er auðvelt að njóta í stað þess að þjóta og upplifa landslagið með bros á vör. Stærsta áskorun hans í ár er stóra þríþrautarkeppnin í Hamborg í Þýskalandi í byrjun júní. **2**

Alla daga
gegn kulda og sól



Apótek, Hagkaup og Fjarðarkaup
www.celsus.is



Kjartan Long hóf að stunda utanvegahlaup árið 2015. Hann segir ótrúlega nærandi fyrir líkama og sál að hlaupa í íslenskri náttúru. „Á fjallastígum og slóðum verður tíminn og kílómetrar afstætt. Þú ert frekar að njóta í stað þess að þjóta og missa ef þeim perlum sem við eigum hér á landi. Brekkurnar eru styrkjandi, nýtt landslag er fræðandi og hlauparar eru skælbrosandi á moldarstígum og á fjöllum.“

Fjallahlaup eru einnig upplögð æfing fyrir götuhlaup ef markmiðið er til dæmis að æfa fyrir maraþonhlaup. „Það er mun auðveldara að hala inn kílómetra á mjúkum stígum en hörðu malbikinu. Tíminn liður líka mun hraðar á stígum en malbiki auk þess sem mjúkir stigar fara mun betur með skrokkinn.“

Þegar nær dregur keppni í götuhlaupi segir Kjartan gott að færa sig að hluta frá stígum og láta vöðva, liði og sínar venjast malbikinu. „Þessi aðferð hefur virkað vel fyrir mig og hef ég á síðustu sex árum tekið þátt í fimm maraþonhlaupum og æft að mestu á mjúkum stígum fyrir keppni. Þannig hef ég haldið mig alveg frá meiðslum og eymslum (7-9-13).“

Það eru til dæmis fjölmargir hópar sem bjóða upp á byrjendanámskeið í fjallahlaupum og kynna stíga og slóðir í kringum höfuðborgarsvæðið og aðra þéttbýlisstaði fyrir þátttakendum.

Fjallahlaupin náðu honum

Upphafið að hlaupaferli Kjartans má rekja til erfiðra bakmeiðsla sem hann hlaut árið 2007. Í kjölfar þeirra hóf hann að stunda alls kyns fjallabrölt á eigin vegum og einnig með Hjálparseit skáta í Reykjavík ásamt því að ferðast um hálendið á fjallahjóli á sumrin og ferðaskíðum yfir veturna. „Þessi áhugi á að ferðast um fjöll og firnindi í gönguskóm með bakpoka leiddi mig út í það að ferðast létt og hratt á hlaupaskóm. Þegar ég byrjaði í utanvegahlaupi árið 2015 skráði ég mig í ekkert minna en Laugavegshlaupið sem er 55 kílómetra hlaup frá Landmanna-laugum og niður í Þórsmörk. Eftir það varð ekki aftur snúið.“

Hann segir fjallahlaupin hafa náð sér alveg og að hann hafi tekið þátt í flestum þeim keppnum sem utanvegahlaupasamfélagið heldur úti um allt land. „Ásamt þessu hef ég þjálfað Laugavegshóp og Landvættahópa þar sem utanvegahlaup spila stóran þátt og mikilvægt er að undirbúa sig og æfa vel til að njóta sem mest hlaupsins.“

Mörg hlaup standa upp úr

Sá hlaupaviðburður sem stendur upp úr á hlaupaferli Kjartans er fyrsta Dyrffjallahlaupið sem haldið var árið 2017 í yfir 20 stiga hita og logni. „Einnig má nefna Vesturgötuna, sem er hlaup úr Arnarfirði yfir í Dýrafjörð um Svalvog. Þar er hlaupið á stórbrotnum fjallavegum fram hjá eyðibýlum, vaðið ár og læki ásamt því að sæta lagi og hlaupa í flæðarmálinu undir Skútubjörgum. Einnig stendur Laugavegshlaupið alltaf fyrir sínu sem einn allra skemmtilegasti hlaupaviðburður landsins ásamt The Puffin Run í Vestmannaeyjum sem er sambland af götu-, stiga- og hraunhlaupi kringum Heimaey.“



Kjartan Long veit fátt betra en að hlaupa úti í náttúrunni, hvort sem það er á stígum eða fjöllum.



Sandarnir á milli Hvanngils og Emstra virðast endalausir en taka alltaf enda að lokum.



Með Cat Bradley (önnur f.h.), einni fremstu utanvegahlaupakonu heims en hún hljóp Laugaveginna árið 2021.



Hópur sem hljóp maraþon í Kaupmannahöfn 2022.



Kjartan og félagar spenntir við upphaf Laugavegshlaupsins árið 2022.



Leiðin frá Herðubreiðarlindum að Herðubreið er góð skemmtun.



Hlaupið um Kristnitökuhraun rétt austan við Bláfjöll í fallettu veðri.

Það er mun auðveldara að hala inn kílómetra á mjúkum stígum en hörðu malbikinu.

Best að byrja rólega

Kjartan mælir svo sannarlega með utanvegahlaupum fyrir fólk á öllum aldri. „Það eru til dæmis fjölmargir hópar sem bjóða upp á byrjendanámskeið í fjallahlaupum og kynna stíga og slóðir í kringum höfuðborgarsvæðið og aðra þéttbýlisstaði fyrir þátttakendum.“

Annars má bara reima á sig skóna og byrja rólega. „Fyrir fólk sem býr á höfuðborgarsvæðinu má til dæmis ganga upp á Úlfarsfell og skokka rólega niður. Eða velja einhvern af stígum Heiðmerkur eða Hólmsheiðar og skiptast á að ganga og skokka þar til úthald og styrkur býður upp á að hlaupa lengri vegalengdir.“

Hann mælir þó alltaf með að byrja rólega og vinna sig hægt og bitandi upp í lengri vegalengdir. „Að byrja of geyst getur verið ávísun á álagsmeiðsl sem geta verið þrálát og tekið langan tíma að jafna sig á.“

Skemmtileg hlaup í vændum

Í ár ætlar Kjartan að leggja áherslu á stóra þriðrautarkeppni (Iron-Man) í Hamborg í Þýskalandi í byrjun júní. Eftir það verður Ísland kannað á göngum með bakpoka og einnig með léttum hlaupum inni á milli. „Ég stefni á að taka þátt í hálfmaraþoni í Riga í maí, Fimmvörðuháls hlaupinu 12. ágúst ásamt Berlínarmaraþoni í lok september. Einnig stefni ég á þátttöku í einhverjum styttri vegalengdum eins og Hólmsheiðarhlaupinu og 7 tinda hlaupinu í Mosfellsbæ. Báðir eru þetta stórskemmtilegir viðburðir sem fara fram á fallettu svæði rétt við rætur höfuðborgarinnar.“

Metnaðarfullur hlaupahópur

Til stendur að setja saman hlaupahóp utan um þessi verkefni enda mun skemmtilegra að æfa saman í hópi að hans sögn, frekar en einn úti í horni. Hlaupahópurinn er enn nafnlaus en gengur undir vinnuheitinu XLIICC (42,2 km). „Þetta er stór hópur fólks sem ætlar að taka meðal annars þátt í maraþonhlaupi í Berlín í september á vegum Bændaferða. Við ætlum að hittast og æfa saman fram að þeim viðburði og hlaupum þá bæði á stígum og malbiki til skiptis.“

Á næstu árum stefnir svo hluti af hópnum að því að klára Abbott World Marathon Majors sem eru sex stærstu maraþonviðburðir í heimi, haldnir í Tókyó, Boston, Berlín, London, Chicago og New York.

„Bændaferðir hafa boðið upp á aðgöngumiða í þessi maraþon. Margir Íslendingar hafa notið þess að klára þessa mögnuðu sexu enda fátt betra til að kanna borgir en í vel skipulögðu maraþoni þar sem helstu götur eru lokaðar og fá þannig sjaldgæft tækifæri til að hlaupa um billausar stórborgir. Annars er vorið á næsta leiti og fátt skemmtilegra en að þræða stíga og okannaðar lendur, hlaupandi með lítinn bakpoka með nesti og í góðum félagsskap.“ ■

Bílablaðið

8. MARS 2023

Meira að njóta í Toyota Corolla

Vinsælasti bíll jarðkringlunnar er Corolla-bíll Toyota sem kemur í nokkrum útfærslum. Hann hefur nú fengið andlitslyftingu, nýtt tvinnkerfi og meiri tæknibúnað en áður og reyndi blaðamaður hann á Spáni á dögum. **6**



MYND/TOYOTA

MERCEDES-BENZ EQS SUV

8



Nýr sjö sæta lúxusjeppi
bætist í samkeppnina

PRÍR NÝIR BÍLAR FRÁ BYD

2



BYD-merkið kemur
til Íslands í apríl

BÍLA- OG TÍSKUSAFNIÐ Í MALAGA

10



Gamlir bílar og hátíska
saman á einstakri sýningu

Hágæða hreinsiefni frá Koch-Chemie



skeljungur.is | Skútuvgi 1



Skeljungur

Þrír nýir BYD-bílar á markað í næsta mánuði

Það er ekki á hverjum degi sem nýtt bílamerki ryðst inn á íslenska bílamerkaðinn með þrjá nýja fólksbíla sem hver um sig gæti verið fram-bærilegur í samkeppnina.

njall@frettabladid.is

Vatt ehf. mun kynna þrjá nýja fólksbíla á íslenskan rafbíla-markað í apríl. Að sögn Úlfars Hinrikssonar, framkvæmdarstjóra BYD á Íslandi, mun verð bílanna liggja fyrir í byrjun næsta mánaðar en þeir verða á góðu verði miðað við samkeppnisaðila hérlandis. „Við erum mjög spennt fyrir að fá þetta merki til landsins sem er það stærsta í bílaheiminum í dag,“ segir Úlfar enn fremur. Fólksbílalína BYD mun fá undir sig endur-hannaðan sal í Skeifunni þar sem Maxus var áður.

Úlfar hefur skoðað þessa bíla nýlega og ber þeim vel söguna. „Fyrir þá sem hafa gaman af bílum er BYD Han spennandi bíll enda bæði aflmikill og einstaklega vel búinn. Hann er í beinni samkeppni við Tesla Model S enda svipaður honum að stærð,“ sagði Úlfar. „Það er mikill lúxus í innréttingu eins og sést vel á rafstillanlegum aftursætum með skjá í armpúða milli sæta.“ BYD Han kemur með fjórhjóladrifi sem skilar samtals 509 hestöflum og er billinn aðeins 3,9 sekúndur í hundraðið.

„Búast má við mestri sölu í BYD Atto3-jepplingnum og við finnum vel fyrir áhuga á honum,“ segir Úlfar þegar hann er spurður um væntingar til merkisins. BYD Atto3 mun keppa við bíla eins



Fjórhjóladrifinn BYD Han er vel búinn og kraftmikill fólksbíl með allt að 610 kílómetra drægi.



BYD Tang er sjö sæta rúmgóður jepplingur sem frumsýndur var 2021 en kemur nú í uppfærðri útgáfu. MYNDIR/BYD AUTO



BYD Atto3 er jepplingur í millistærð sem er líkt og aðrir bílar framleiðandans búinn hinum byltingarkenndu Blade-rafhliðum.

» Fólksbílalína BYD-merkisins mun fá undir sig salinn í Skeifunni þar sem Maxus-merkið var áður.

og Hyundai Kona, Kia Niro og jafnvel Volvo V40 Recharge vegna mikils og góðs búnaðar sem er í bilnum. Nóg framboð mun verða á bílum frá BYD sem koma munu beint frá Noregi til að byrja með. Þriðji billinn sem einnig verður kynntur í apríl er BYD Tang sem er sjö sæta, rafdrifinn jepplingur. Sérstök blaðamannakynning verður haldin í Barcelona í apríl-mánuði fyrir þau níu lönd í Evrópu sem selja munu BYD-merkið. Bílblaðamaður Fréttablaðsins verður á staðnum og því má búast við fyrstu prófunum á bílum BYD strax í maíútgáfu Bílblaðsins. ■



Model X lækkar nú um 10.000 dollara eða um 9% sem er talsverð lækkun.

Tesla lækkar verð á Model S og X

njall@frettabladid.is

Samkvæmt fréttamiðlinum Reuters hefur Tesla nú lækkað verð á dýrari gerðum bíla sinna, Model S og Model X, í Bandaríkjunum. Um talsverða lækkun er að ræða eða á bilinu 4-9% og lækkar Model X mest, eða um 10.000 dollara, í báðum útgáfum sínum. Tesla Model S lækkar um 5.000 dollara í báðum útgáfum og kosta Plaid-útfærslur bílanna nú sömu upphæð, eða 109.990 dollara.

Þetta er fimmta breyting Tesla á verði bíla sinna frá áramótum en að sögn Elon Musk á dögnum höfðu lækkanir að undanfögnu mikil áhrif á sölu Tesla-bifreiða. Sala Tesla Model S og X er um 4% af sölu Tesla árið 2022 en megnið af söluinni er í Model 3 og Model Y sem var lækkaður um allt að

» Tesla Model X lækkar mest, eða um 10.000 dollara, en Model S minna og kosta nú Plaid-útfærslur beggja sömu upphæð.

20% í janúar. Verðlækkunin hefur ekki náð til Evrópu þegar þetta er skrifað en jafnvel má búast við að sjá verð þar lækka líka eins og í janúar. ■

Brabus-útgáfa Smart #1 fellur á elgsprófinu hjá 77km.com

njall@frettabladid.is

Smart #1 í Brabus-útgáfu var nýlega tekinn til kostanna af km77.com sem meðal annars prófar virkni nýjustu bíla í keiluprófi og hinu fræga elgsprófi. Í Brabus-útgáfu sinni er billinn með fjórhjóladrif og samtals 434 hestöfl í bíl sem er innan við tvö tonn að þyngd, svo að um öflugan bíl er að ræða.

Þrátt fyrir nokkrar tilraunir í elgsprófinu á 77 km hraða náði billinn ekki að halda gripi og skrikaði út fyrir brautina. Það var ekki fyrr en hraðinn var lækkaður í 65 km á klst. sem billinn komst gegnum brautina. Að sögn prófunaraðila km77.com eru helstu ástæður þess taldar vera sú staðreynd að billinn kemur á Q-merktum dekkjum sem eiga að lækka veghljóð en ekki



Eins og sjá má missir billinn það mikið grip að hann endar í yfirstýringu fyrir utan brautina. MYND/KM77.COM

» Þrátt fyrir nokkrar tilraunir á 77 km hraða náði billinn ekki að halda gripi og skrikaði út fyrir brautina.

gripmeiri dekkjum. Þá hafa ekki verið gerðar miklar breytingar á undirvagni frá hefðbundinni 268 hestafla útgáfu svo að meiri undirstýring er í Brabus-bílnum í keiluprófinu. Loks bentu þeir á að stöðugleikakerfi bílsins grípur seint inn í. Smart mun hefja sölu bíla hérlandis með vorinu en umboðsaðili merkisins er Askja. ■

Ný útgáfa Model Y á næsta ári

njall@frettabladid.is

Samkvæmt fréttamiðlinum Reuters er Tesla að endurhanna Model Y en breytingin mun eiga sér stað á næsta ári. Er þetta haft eftir þremur mismunandi aðilum hjá Tesla sem ekki vilja láta nafns síns getið, en verkefnið kallast Project Juniper. Verða breytingar gerðar á bæði ytra og innra útliti bílsins ásamt einhverjum tæknibúnaði. Kallað hefur verið eftir breytingum á útliti bílsins í Kína þar sem samkeppnin er sem mest í nýjum módelum. Einnig hafa verið gerðar breytingar á fjöðrunarkerfi Model Y að undan-



Tesla Model Y gæti fengið nýtt útlit á næsta ári segja heimildarmenn innan Tesla. MYND/TRYGGVI ÞORMÓÐSSON

» Eins og er kallast nýja útgáfan aðeins Project Juniper.

förnu og hafa bílar framleiddir í verksmiðjunni í Kína fengið slíka uppfærslu frá áramótum. Lúta þær breytingar að því að gera bílinn minna stífan með mýkri gormum og fleiri breytingum. ■



Látum það gerast

Við fjármögnum flest milli himins og jarðar

Við aðstoðum einstaklinga og fjölskyldur af öllum stærðum og gerðum við að fjármagna kaup á bílum, ferðavögnum, rafhjólum og hleðslustöðvum. Við bjóðum einnig græn lán til kaupa á vistvænum

farartækjum því öll viljum við draga úr losun.

Hafðu samband og við hjálpum þér að láta hlutina gerast.



Að framan eru opnanleg loftinntök auk kælihraufa fyrir frambremsur bílsins.
MYND/AUTO EXPRESS

Þriðji rafbíll Lotus á leiðinni

Eftir að hafa kynnt tvo nýja rafbíla, Evija-sportbílinn og Eletre-jepplinginn, er von á nýjum fjögurra dyra rafdrifnum fjölskyldubíl frá Lotus-merkinu. Bíllinn er aðeins kallaður Type 133 eins og er og ljósmyndarar náðu njósna-myndum af bílnum nýlega við vetrarprófanir.

Bíllinn mun keppa við Tesla Model S og Porsche Taycan til að mynda og mun nota tækni og undirvagn Eletre-bílsins. Ekki var að sjá að bíllinn væri í miklum felubúningi en framendi hans er greinilega mikið líkur framenda Eletre-jepplingsins. Þar má sjá sömu opnanlegu loftinntök sem opnast og lokast eftir því hvort þörf er á meiri kælingu eða minni loftmótstöðu. Framljósín eru tví-

» Öflugasta útfærslan verður með tveimur rafmótorum sem skila 893 hestöflum.

skipt og er neðri hluti þeirra L-laga. Að aftan mun koma vindskeið sem hækkar upp með meiri hraða. Bíllinn mun fá Hyper OS hugbúnað Lotus sem notar 5G-farsímataækni. Í R-útgáfu Eletre sem kemur með tveimur rafmótorum er aflið 893 hestöfl svo búast má við svipuðum tölum í Type 133. Sá bíll er með 112 kWst rafhlöðu og 600 kílómetra drægi en Type 133 mun líklega fá meira drægi vegna minni loftmótstöðu. ■



Tengiltvinnútgáfan fær hvassari stuðara en Performente-útgáfan.
MYND/AUTO EXPRESS

Njósnamyndir af nýjum Urus

Lamborghini Urus-sportjeppinn kemur í nýrri kynslóð á næsta ári og kemur þá í fyrsta skipti í tengiltvinnútgáfu. Nýlega náðust njósna-myndir af þeim bíl við vetrarprófanir og þykir líklegt að bíllinn verði því frumsýndur seint á þessu ári.

Tengiltvinnútgáfan er svipuð og finna má í Porsche Panamera Turbo S og er um 4 lítra V8-vél að ræða með tveimur forþjöppum ásamt

18 kWst rafhlöðu. Samtals mun V8-vélin og rafbúnaðurinn skila 690 hestöflum sem er 33 hestöflum meira en í núverandi útgáfu. Drægi Panamera-bílsins á rafhlöðunni eingöngu er aðeins tæpir 50 kílómetrar og þar sem Urus er þyngri bíll má búast við enn minna drægi í honum. Fjögurra stúta pústkerfi Urus fær að halda sér en línurnar mýkjast nokkuð frá fyrri gerð. ■

VW gæti átt einn sportbíl í framtíðinni

Með þróun MEB-undirvagnsins og þeirri staðreynd að Volkswagen þróar nú sínar eigin rafhlöður og rafmótora gæti sportbíl verið í kortunum fyrir merkið, segir í fréttatilkynningu frá framleiðandanum.

Fréttin er reyndar falin undir tilkynningu um að Volkswagen hafi nú einnig hafið þróun á eigin straumbreytum og kælikerfum fyrir rafbíla en það gegnir lykil-



Einhvern veginn svona gæti Volkswagen-sportbíl framtíðar lítið út.
MYND/MOTOR1

hlutverki við þróun og framleiðslu sportlegri bíla. Að sögn VW gæti bíll með yfir 670 hestöfl verið á teikniborðinu en það er svipað og Porsche Taycan Turbo býður upp á. Líklega má þó búast við að framleiðandinn leggi áherslu á að koma GTX-útgáfum fleiri bíla eins og ID.3 og ID.Buzz á markað áður en af því verður, en engu að síður er gaman að sjá að hönnuðir Volkswagen séu farnir að horfa í þessa átt aftur. ■



Ytri línur bílsins eru vel sýnilegar á nýju myndunum og einnig afturljósið sem nær kringum afturgluggann.
MYNDIR/FISKER

Fisker Pear-jepplingurinn frumsýndur á þessu ári

Talsvert hefur verið skrifað um næsta bíl Fisker sem á að vera rafbíll fyrir almenning og kosta undir 30 þúsund dollurum, en nú hillir loksins undir það að hann fari í framleiðslu.

Fisker-rafbílaframleiðandinn hefur staðfest enn og aftur að Pear-jepplingurinn verði undir 30.000 dollurum í verði þegar hann kemur á markað. Sagt var frá því á degi fjárfesta hjá Fisker en bíllinn verður frumsýndur við slíka viðhöfn seinna á árinu. Merkið sýndi við tilefnið tvær nýjar myndir af bílnum.

Myndirnar sýna ytra útlit bílsins nokkuð vel og þá einnig form ljósanna. Að framan er tvöföld ljósarönd með hugbúnaði fyrir díóðuljósin en að aftan ljósarönd sem nær í kringum afturglugg-



Ákveðinn svipur tvöföldu ljósarandarinnar leynir sér ekki í Fisker Pear.

ann. Að sögn Fisker verður bíllinn með nýrri hönnun stjórnbúnaðar sem notar færri tölvur en rafbílarnútímans. Einnig var sagt að drægi bílsins myndi fara yfir 500 kíló-

metra. Engin dagsetning er komin á frumsýningu bílsins en búast má við að merkið frumsýni einnig Ronin-sportbílinn og Alaska-pallbílinn við sama tækifæri. ■



Ný Kona fær stærri afturenda með meira plássi fyrir farangur.
MYNDIR/HYUNDAI

Stærri og betri Kona kemur í sumar

Stutt er síðan Hyundai Kona var frumsýnd en von er á bílnum á markað næsta sumar. Þrátt fyrir að hönnunin hafi verið miðuð við rafútgáfu verður ný Kona einnig í tvinnútfærslum.

Ný Kona er stærri en áður og hönnuðir Hyundai hlustuðu greinilega á eigendur fyrri kynslóðar og bættu við afturendann. Meira fótaráymi verður í nýja bílnum ásamt meira plássi fyrir farangur, en farangursrýmið fer úr 332 lítrum í 466 lítra. Bíllinn er líka lengri á alla kanta en hann hefur lengst um 175 mm og hjólahafið um 60 mm sem er nú 2.660 mm. Óhætt er að segja að útlitið er mun kraftalegra og ljósaðhönnunin er framúrstefnuleg. Innandyrar er breytingin sú að komnir eru



Innan í kätunni er meiri áhersla á betra efnisval og komnir eru tveir 12,3 tommu upplýsingaskjái.

tveir 12,3 tommu upplýsingaskjái eins og í Ioniq 5. Bíllinn kemur á sama undirvagni og ný Kia Niro en það þýðir að rafhlaðan er 65,4 kWst og 215 hestafla rafmótor

fyrir framhjólin. Drægið verður allt að 490 kílómetrar en þar sem rafkerfið er 400 volt er það hægviskara í hleðslu en 800 volta rafkerfi Ioniq. ■



Volkswagen Trinity gæti verið langt undan og jafnvel seinkað allt til 2030.

Volkswagen Trinity seinkað til ársins 2030

njall@frettabladid.is

Volkswagen tilkynnti upphaflega að Trinity-rafbílinn sem er næsta kynslóð rafbíla, yrði frumsýndur árið 2026. Nýjustu fréttir benda þó til þess að þeim áformum gæti seinkað nokkuð eða allt til ársins 2030.

VW Trinity verður fyrsti bill merkisins sem byggður verður á skalanlegum undirvagni sem kallast SSP og mun hafa allt að 700 kílómetra drægi. Mikið hefur verið spáð í útlit bílsins en Volkswagen hefur aðeins látið frá sér útlínu-myndir af honum. Margir hafa reynt sig við að tölvugera myndir af honum og gera má ráð fyrir að billinn verði svipaður að stærð og VW ID.4. Framendinn verður þó hvassari og þakið meira kúpulaga

Seinkun á frumsýningu VW Trinity er líkleg og ástæðan vandamál með hugbúnað eins og áður.

og mun enda í lítilli vindskeið aftan á bílnum. Aðalljósinn verða mun þynnri en við höfum áður séð hjá framleiðandanum og milli þeirra verður ljósalína. Framljósinn tengjast línu á hlið bílsins sem mun ná aftur með honum og alveg yfir afturdekkinn. Talið er að þessi frestun geti verið vegna vandamála með hugbúnað en það er ekki í fyrsta skipti sem það hefur áhrif á frumsýningu rafbíla frá VW Group. ■

VW ID.2 líklegur á markað árið 2025

njall@frettabladid.is

Það er ekkert sérlega vel geymt leyndarmál að Volkswagen sé að hanna grunngerð rafbíls sem taka á við af VW Polo. Billinn er kallaður ID.2 og verður líklega bæði seldur sem litill hlaðbakur og einnig sem blendingsbíll. Einnig gæti fjórhjóladrifin R-útgáfa verið í kortunum með allt að 300 hestafla rafmótorum. R-deild VW er að vinna að nokkrum rafdrifnum R-útgáfum en stefnan er að þær verði allar rafdrifnar árið 2030.

Volkswagen seldi yfir 300.000 rafbíla á síðasta ári þar sem lunginn úr sölunni var ID.4 og



Allt að 300 hestafla R-útgáfa gæti einnig komið í nýjum ID.2. MYND/AUTOCAR

ID.2 verður líklega bæði hlaðbakur og blendingsbíll.

ID.5 sem seldust í 193.200 ein-tökum. VW ID.2 yrði aðeins fyrir Evrópumarkað til að byrja með en hugsanlega einnig seldur í Asíu, en ID.3 hefur verið þar á markaði síðan haustið 2021. ■

Mini Countryman mun koma með allt að 450 kílómetra drægi

njall@frettabladid.is

Von er á fyrstu 100% rafútgáfu Mini Countryman þegar framleiðsla á nýjum Countryman hefst seinna á þessu ári. Billinn verður framleiddur í verksmiðju BMW í Leipzig og verður byggður á sama FAAR-grunni og BMW 1-línan.

Komnar eru fyrstu myndir af bílnum frá framleiðandanum sem sýna bílinn í lítils háttar felubúningi. Þar sést vel að hann heldur í Mini-form eins og fljótandi þak og kringlótt aðalljós. Nýr Countryman mun stækka nokkuð og verða næst-



Þar sem Mini Countryman stækkar nokkuð gæti verið pláss fyrir minni jeppling frá merkinu í framtíðinni. MYND/MINI

um 4,5 metrar að lengd. Ef billinn fær sömu rafmótora og iX1 getur öflugasta útgáfan farið í 309 hestöfl en þá er billinn um sex sekúndur í

hundraðið. Sá bill er með 450 kílómetra drægi með 65 kWst rafhlöðu og búast má við mjög svipuðum tölum í Countryman. ■



et VERSLUN

Mikið úrval af kösturum og aukaljósum fyrir allar gerðir bíla

Pollux9

LEDSON





Njáll
Gunnlaugsson
njall
@frettabladid.is

Reynsluakstur

Toyota Corolla 1,8

KOSTIR
■ Tvinnkerfi
■ Upplýsingakerfi

GALLAR
■ Útsýni aftur
■ Framsæti

Grunnverð: 5.850.000 kr.
Hestöfl: 140
Tog: 185 Nm
Upptak 0-100 km: 9,1 sek.

Hámarkshraði: 180 km
Eyðsla 100 km/bl. akstur: 4,4 l
CO2 g/100 km: 100
L/B/H: 4.370/1.790/1.460 mm

Hjólhaf: 2.640 mm
Veghæð: 130 mm
Farangursrými: 361 l



Toyota Corolla Hybrid í hlaðbaksútgáfu er skemmtilegur akstursbill, þökk sé nýja tvinnkerfinu. MYNDIR/TOYOTA

Toyota Corolla – meira að njóta

Toyota Corolla er einn vinsælasti bill í heimi og einnig á Íslandi og því þykja það fréttir þegar það kemur ný útgáfa á markað. Um andlitslyftingu er að ræða á þessari tólftu kynslóð Corolla en núna er billinn með mun meiri tæknibúnaði ásamt fimmtu kynslóð tvinnkerfis Toyota.

Toyota Corolla kom fyrst á markað árið 1966 og seldist fyrsta kynslóðin í meira en milljón ein-tökum. Áfram hafa þeir selst og eru svo margir núna að ef þeim yrði stillt upp í eina röð myndu þeir ná sex hringi í kringum jörðina. Fyrsta íslenska Corolla-bífreiðin var frumkynnt fyrir blaðamönnum í Háskólabíói 14. apríl 1967 og sagt var frá bílnum í blöðunum daginn eftir. Mikið vatn hefur runnið til sjávar síðan þá og talsverður munur er á að setjast inn í billinn frá 1966 og bílinn sem er að koma núna, en einn sem rann fyrsta daginn af færibandinu var á staðnum þar sem blaðamanna-kynning nútímans fór fram.

Innandyr eru breytingar á útliti tólftu kynslóðarinnar ekki miklar þótt komin séu ný efni og annar frágangur. Meira kveður að nýjum tæknibúnaði en komnir eru nýir skjáir og hugbúnaður í Corolla, meðal annars 12,3 tommu upp-



Í innanrými eru 12,3 tommu upplýsingaskjær og 10,25 tommu margmiðlunarskjær helstu breytingarnar.

lýsingaskjær og 10,25 tommu margmiðlunarskjær. Það þýðir um leið að billinn er komin með nýjustu öryggiskerfi Toyota, eins og kerfi sem varar við ef hurð er opnuð út í umferð, aftursætisviðvörðun sem minnir ökumann á að athuga að

taka með sér það sem sett var í aftursæti og svo mætti lengi telja. Loks getur billinn nú fengið hugbúnaðinn uppfærðan gegnum netið. Helsti gallinn innandyr er útsýni aftur sem mætti gjarnan vera betra, en einnig frekar stutt

seta í framsætum sem mættu vera stillanlegri. Nýr Corolla er komin með fimmtu kynslóð tvinnkerfis Toyota og það kerfi hentar þessum bíl mjög vel. Með því að endurhanna kerfið og hugbúnaðinn er

hann orðinn mun notendavænni en áður. Komið er nýtt stjórnbox ásamt nýrri og öflugri rafhlöðu sem er bæði minni um sig og léttari en áður. Notast er við viðnámsminni olíu en áður og einnig er rafmótorinn nýr af nálinni.



Sama lag er á framljósum og áður en þó fer aðeins meiri virkni í díóðurnar.



Skortur á plássi fyrir aftursætisfarþega er dæmigert fyrir þennan flokk bíla en í Corolla er fótarymið með betra móti.



Með 1,8 lítra vélinni og nýjum tvinnbúnaði fæst nú talsvert meira afl sem skilar sér í því að hann er næstum tveimur sekúndum fljótari í hundraðið.



Farangursrymi er aðeins minna en í Golf í 1,8 lítra bílnum en þar sem rafhlaðan fyrir tvinnkerfið er frammí kemur það ekki að sök.

Loks var stjórnbúnaður kerfisins endurforritaður með meiri akstursánægju í huga. Til dæmis vinnur hugbúnaðurinn mjög vel með CVT-skiptingunni, eins og að halda við bilinn við akstur niður brattar brekkur, svo að segja má að tími leiðinlegra CVT-skiptinga sé liðinn. Eins skiptir máli í því sambandi að hljóðeinangra bilinn sem tekst ágætlega í þessum bíl. Það eina sem mætti kvarta yfir í því sambandi er veghljóð frá dekkjum. Billinn kemur með tveimur gerðum véla, 1,8 og 2,0 lítra bensínvélum. Búið er að auka afl þeirra talsvert og hefur til dæmis afl 1,8 lítra vélarinnar verið aukið um 14% upp í 140 hestöfl, án þess að það komi niður á mengun bílsins eða eyðslu. Samt er billinn með 1,8 lítra vélinni nú 1,8 sekúndum sneggri í hundraðið. Stærri vélin er mun öflugri í hestöflum og líka

Með því að endurhanna hugbúnað tvinnkerfisins er það orðið enn notendavænna en áður.

um tveimur sekúndum sneggri í hundraðið. Sá munur finnst aðallega við millihröðun bílsins en báðir eru snöggir úr kyrrstöðu, þökk sé tvinnkerfinu. Óhætt er að mæla jafn vel með 1,8 lítra bílnum þótt hann sé ekki eins snöggur því að hann er líka ívið skemmtilegri í akstri. Báðir eru léttir í stýri og

nákvæmir en aðeins vottar fyrir undirstýringu og minna gripi að framan í tveggja lítra bílnum. Toyota Corolla er væntanleg snemma í vor og mun kosta frá 5.850.000 krónum sem hlaðbakur en langbakurinn er aðeins 100.000 krónum dýrari. Helstu keppinautar eru Ford Focus, Volkswagen Golf og Kia Ceed sem dæmi. Það er kannski tímanna tákn að erkióvin-

urinn Ford Focus er ekki einu sinni í boði lengur á Íslandi ef marka má heimasíðu Brimborgar. Volkswagen Golf kostar frá 5.790.000 krónum beinskiptur en bæta þarf hálfri milljón við til að fá sjálf-skiptinguna sem kemur þá í mildri tvinnútfærslu. Kia Ceed er aðeins fánlegur í Sportwagon-útfærslu og þá sem tengiltvinnbíll og kostar frá 6.390.777 krónum en Touring

Sport-útfærslan frá Toyota kostar frá 5.950.000 krónum. Toyota Corolla er því á vel samkeppnis-hæfu verði en samkeppnin hefur þó það fram yfir að geta boðið upp á tengiltvinnútgáfur. Í heildina kemur ný útgáfa Corolla því vel út sem vel búinn og sparneytinn fólksbíll á góðu verði, með nýju tvinnkerfi sem gefur honum aukið afl og betri aksturseginnleika. ■

Mickey Thompson Baja Boss All-terrain og Mud-terrain

Stærðir á lager:

285/70R17 Baja Boss AT „E“ load.....	59.500 kr
285/60R20 Baja Boss AT „E“ load.....	88.500 kr
315/70R17 Baja Boss AT „E“ load.....	77.800 kr
37x12.50R17 Baja Boss AT „D“ load.....	105.500 kr
35x12.50R17 Baja Boss MT „D“ load.....	93.900 kr
37x12.50R17 Baja Boss MT „D“ load.....	108.900 kr
37x12.50R20 Baja Boss MT.....	104.800 kr

Icetrack ehf 773-4334
mtdekk@mtdekk.is www.mtdekk.is  





Njáll
Gunnlaugsson
njall
@frettabladid.is

Reynsluakstur

Mercedes-Benz EQS SUV 450

KOSTIR

- Fjöðrun
- Hljóðlátur
- Lipur

GALLAR

- Upptak
- Verð
- Þriðja sætaröðin

Grunnverð: 20.590.000 kr.
Hestöfl: 360
Tog: 800 Nm
Hröðun 0-100 km: 6 sek.

Rafhlaða: 107,8 kWst
Drægi: 616 km
L/B/H: 5.125/1.959/1.718 mm

Hjólhaf: 3.210 mm
Farangursrými: 645–880 lítrar
Eigin þyngd: 2.480 kg



Útlit EQS SUV er slétt og fellt enda loftstuðull hans einstaklega lágur eða 0,26 Cd.

MYNDIR/TRYGGVI ÞORMÓÐSSON

Langur hvar sem á er litið

Einn af þeim bílum sem beðið hefur verið eftir í lúxusjeppaflóruna á Íslandi er Mercedes-Benz EQS SUV. Satt best að segja verður maður að byrja á að draga djúpt andann til að geta sagt nafnið á þessum bíl. Nafnið er líka álíka langt og billinn sjálfur sem stendur í 5 metrum og 125 senti-metrum betur.

Útlitslega er Mercedes-Benz EQS SUV nokkuð venjulegur ef svo má segja og alls ekki eins áberandi og EQS-fólksbíllinn á vegi. Það hefur þó nokkuð að gera með þá staðreynd að Mercedes lagði ofur-áherslu á að ná fram lágrí loftmót-stöðu en stuðull hans er aðeins 0,26 Cd. Það er minna en hjá nokkrum öðrum framleiðanda í sama stærðarflokki. Það sést líka vel þegar horft er á framenda bílsins sem er lægri og ávalari en við eigum að venjast í „jeppa“. Þar sem billinn er líka óvenjulangur, eða 5.125 mm, og hjólhafið 3.210 mm er gluggalína hans líka nokkuð óvenjuleg. Alls eru fimm hliðarrúður í honum og er ein þeirra fyrir framan hliðar-speglana.

Að innanverðu er EQS SUV mun áhugaverðari en að utan. Í 450-útgáfunni sem prófuð var kemur hann með MBUX-kerfinu í 12,8 tommu OLED-margmiðlunar-skjá ásamt 12,5 tommu upplýsinga-skjá í mælaborði. Hægt er að fá hann með 55 tommu ofurskjánum í 580-útgáfunni. MBUX-kerfið er orðið enn fullkomnara og radd-stýringin hefur batnað til muna svo að hún skilur jafnvel langar setningar. Efnisval er í fyrsta flokki eins og í EQS og gildir þar einu hvert er litið, hvort sem það er mjúkt leðrið, blanda stál- og gleráferðar í



Í 450-bílnum er billinn með minni skjá en hægt er að fá 580-bílinn með 55 tommu risaskjánum.



Það vantar ekki plássíð þegar búið er að fella tvær sæta-raðir niður enda billinn með þeim lengri á markaðnum.

mælaborði eða viðaráferð á völdum stöðum. Sætin og þá sérstaklega framsæt-in eru einstaklega þægileg og bjóða næstum góða nótt, svo þægileg eru þau. Hægt er að stilla þau með nýju snertirofunum í hurðarspjaldinu og þar að auki er bæði hiti og kæling í

framsætum. Satt best að segja er það ekki síst búnaðarlistinn sem er langur í þessum bíl og fyllir hann eina A4-síðu, og því alltof langt mál að fara með hann hér. Farangurs-rými er frá 645 lítrum upp í 880 lítra eftir því í hvaða stöðu miðju-sætaröðin er en hægt er að færa þau



Með framsæti og miðjusæti í öftustu stöðu er fótapláss gott en minnkar með þriðju sætaröðinni í notkun.



Myndin sýnir vel hversu mikið er hægt að leggja á aftur-dekkinn en þau snúast 10 gráður.

til um allt að 13 cm. Í lúxusbil eins og þessum kemur á óvart að ekki er hægt að nota rafmagnið til að lyfta aftur upp öftustu sætaröðinni, en niðurfelling þeirra er rafdrifin. Með miðjusæti í öftustu stöðu verður ekki mikið pláss fyrir fætur þó litlir séu og þarf því að færa miðjusæti

fram til að koma farþegum fyrir, en það kemur auðvitað niður á fótá-rými fyrir farþega í miðjusætum.

EQS SUV er búinn fjórhjólástýr-ingu sem gerir hann mjög lipran í þröngum aðstæðum og alveg ótrúlegt hvað hægt er að leggja á þennan langa bíl. Aftur á móti gerir hún ekki svo mikið fyrir aksturs-eiginleikana sem eru hefðbundnir og nokkuð fyrirsjáanlegir. Hann gerir alla hluti vel en á svo fágadan hátt að ekkert kemur manni á óvart. Billinn er einstaklega hljóð-látur og eina hljóðið sem heyrir er hjákátlegt gervivélarhljóðið úr tölvukerfinu sem hefði betur mátt sleppa.

Einn af bestu kostum bílsins er stillanleg fjöðrunin sem einn-ig stillir sig sjálf eftir því sem er fram undan. Þess vegna er það alls ekki óþægilegt að fara yfir slæmar hraðahindranir eða þess háttar eins og búast hefði mátt við af svona þungum bíl, því að billinn er búinn að sjá hættuna og laga fjöðrunina eftir því. Það hljómar kannski út í hött að kvarta yfir upp-taki sem er aðeins sex sekúndur í hundraðið en það er bara orðið eins og hver önnur ella í dag. Þrátt fyrir sín 360 hestöfl og massíft 800 new-tonmetra togíð er upptakið eins og í hvaða rafbíl sem er. Að visu gerir hann það með meiri fágun en aðrir rafbílar en ef þú vilt alvöru upptak þarf að færa sig yfir í 580-útgáfuna sem kostar rúmar fjórar milljónir í viðbót.

Helstu keppinautar EQS SUV eru hérlandis BMW iX og Tesla Model X. Af þeim er EQS SUV langdýrastur en hinir tveir eru öðrum hvorum megin við 14 milljónir í verði. Að visu er EQS SUV líka með mesta búnaðinn og hann þarf líklega að bíða eftir rafdrifnum Range Rover til að fá alvöru keppinaut í lúxus. ■



HLED SLUVAKTIN

ÖRUGG HLED SLA. PRÝÐI Á PLANINU.

Hledsluvaktin sinnir engu öðru en hledslu rafbíla og sérhæfir sig í hledslulausnum allt frá hugmynd að hledslu og rekstri hledslukerfa með 24/7 þjónustuveri.

Fjölbýli

Miðlægt hledslukerfi fyrir húsfélög og íbúa



Uppfyllum allar kröfur HMS um öryggismál og erum með vottaða MID gjaldmæla innbyggða í hverri hledslustöð.

HMS

Húsnæðis- og mannvirkjastofnun

Álagsdreifing

Miðlæg og dýnamísk álagsdreifing tryggir hámarks afköst með takmakað rafmagn.



Gjaldtaka

Sveigjanleg og sjálfvirk greiðslumiðlun sem er stillanleg og óháð orkusala.

Aðgangsstýring

Aðgangi er stýrt með simaappi og/eða hledslukorti til að tryggja rétta notkun.




Þjónustuver 24/7

Þjónustuverið er opið allan sólarhringinn allt árið í kring fyrir tæknilega aðstoð og ráðgjöf.

Fyrirtæki

Miðlægt hledslukerfi fyrir starfsfólk og viðskiptavinum



HLED.IS

info@hledsluvaktin.is
513 1900



Í forgrunni er Peugeot 402 Eclipse Coupe Cabriolet 1937 þar sem þakið fellur ofan í skottið en fyrir aftan er Auburn af 1936-árgerð sem notaður var í kvikmyndinni Indiana Jones and the Temple of Doom. MYNDIR/NJALL GUNNLAUGSSON

Bíla- og tískusafnið í Malaga

Fyrir þann sem skrifar um bíla er góð skemmtun að skoða bílasöfn með lausan tíma erlendis og segja frá því sem þar bar fyrir augu.

njall@frettabladid.is

Sá sem fékk þá snilldarhugmynd að blanda saman sýningu á gömlum bílum og búningum tengdum aldri þeirra ætti eiginlega að fá orðu, svo góð er hún. Bílablaðamaður Fréttablaðsins notaði tækifærið til að skoða þessa sérstöku sýningu á leið

gegnum Malaga á dögum. Safnið er á besta stað í borginni við suðurströnd Spánar og á sýningunni er blandað saman bílum og búningum gegnum tímabil tuttugustu aldarinnar ásamt listmunum þar sem bilhlutir eru notaðir. Sýningin hefur fengið mjög góða dóma og fær til dæmis fjórar og hálfa stjörnu á TripAdvisor.

Gengið er um sýninguna í þretán sölum sem hver er tileinkaður sínu tímabili. Má þar nefna tímabil eins og Art Deco, Belle Époque-tímabilið fyrir fyrri heimsstyrjöld-

ina, annan áratuginn og jafnvel er sérstakur salur fyrir enskar hefðir en einnig er áhersla á hönnunarbíla, draumabíla og jafnvel spyrnukagga. Á meðan bílanöfn eins og Bugatti, Bentley, Ferrari, Jaguar, Cadillac og Rolls-Royce ber fyrir augu má sjá búninga frá frægum hönnuðum eins og Dior, Chanel, Yves Saint Laurent, Givenchy og Prada svo eitthvað sé nefnt. Rétt er að gera ráð fyrir alla vega tveimur klukkustundum til að skoða safnið svo vel sé og auðvitað að taka betri helminginn með. ■



Þessi Jagúar 1961 hefur oft verið valinn fallegasti bíll í heimi meðal annars af The Daily Telegraph árið 2008.



Bílasafnið er stórt og geymir yfir 100 verðmæta bíla í yfir 6.000 fermetrum, en það er í gamalli tóbaksverksmiðju frá byrjun tuttugustu aldarinnar.



Þessi Citroen DS 19 í sjaldgæfri Cabrio-útgáfu frá sjöunda áratugnum kom með tveggja lítra V4-vél sem skilaði 83 hestöflum.



Þessi litfagri jakki frá hippatímabilinu er í stíl við þennan Rolls-Royce Phantom V frá 1968 sem kallaður er Flower Power af eðlilegri ástæðu.

Hyundai i10 fær andlitslyftingu

njall@frettabladid.is

Hyundai i10 er nú á sinni þriðju kynslóð og hálfnaður með líftíma sinn en það þýðir venjulega að kominn sé tími á andlitslyftingu. Nýtt útlit hans var frumsýnt nýlega en Hyundai sagði nýlega í viðtali við Autocar að þrátt fyrir minnkandi flóru smábíla yrði áherslan áfram á i10, i20 og i30 bílana fram yfir næstu kynslóð.

» Þrátt fyrir minnkandi flóru smábíla á markaði verður áherslan áfram á i10, i20 og i30 hjá Hyundai.

Þrátt fyrir að útlitsbreytingin sé ekki mikil fær hann sportlegra útlit með nýjum ljósum, stuðrum



Endurhannaður framendi ásamt stærri álfelgum og nýjum litum eru aðaláherslur nýrrar gerðar i10. MYND/HYUNDAI

og 15 tommu álfelgum. Komin er díóðulýsing í innanrýmið og nýr ökumannsskjár ásamt átta tommu margmiðlunarskjá í miðjustokki. Apple CarPlay og Android Auto er nú staðalbúnaður. Einnig hefur

öryggisbúnaður verið aukinn með árekstrarvara og veglínuskynjara. Búast má við sömu vélum áfram en sú öflugasta er þriggja strokka vél með forþjöppu sem skilar 99 hestöflum. ■



Í Noregi hefur fjölgun rafbíla verið hraðari en annars staðar vegna ívilnana og meiri innviða.

MYND/JON TERJE HELLGREN HANSEN

Rafbílar í Noregi yfir 600 þúsund

njall@frettabladid.is

Samkvæmt motor.no er rafbílaeign í Noregi komin yfir 600.000 ökutæki og er hvergi meiri í heiminum. Þar í landi kaupa átta af hverjum tíu kaupendum nýrra bíla rafbíl frekar en bíl með brunahreyfli vegna hagstæðari gjalda á rafbílum. Að sögn Christina Bu, formanns

rafbílafélagsins í Noregi, eru meðlimir þess komnir yfir 120.000 talsins. „Það er land með kulda og langar vegalengdir sem nær þessum árangri og því ætti þetta að vera mögulegt fyrir hvaða land sem er,“ segir Christina í samtali við motor.no. Á Íslandi var sala rafbíla í febrúar rétt tæp 40% af heildarsölu fólksbíla. ■

Hágæða hreinsiefni frá Koch-Chemie





Toyota bZ3 verður aðeins framleiddur fyrir Kínamarkað til að byrja með.

MYND/TOYOTA

Toyota bZ3 kominn í framleiðslu

njall@frettabladid.is

Toyota hefur hafið framleiðslu á fyrstu bZ3-bílunum fyrir Kínamarkað. Toyota bZ3 er svipaður að stærð og Camry-fjölskyldubíllinn og kostar frá 27.000 dollurum í Kína. Hann byggir á sama e-TNGA undirvagni og bZ4X og mun hafa um 600 kílómetra drægi samkvæmt kínverska CLTC-staðlinum.

» Toyota bZ3 er hannaður í samstarfi við kínverska framleiðandann BYD.

Rafhlöður koma í tveimur stærðum og eru þær 50 og 65 kWst og hann verður einungis með framdrifi. Toyota bZ3 var hannaður í samstarfi við kínverska framleiðandann BYD sem bráðum hefur sölu á bílum hérlandis. ■



Verksmiðja Scout í Suður-Karólínu verður vel í sveit sett, nálægt fjórum stórborgum og tveimur þjóðvegum.

Scout Motors opnar verksmiðju árið 2026

njall@frettabladid.is

Scout Motors sem er í eigu Volkswagen Group hefur valið Columbia í Suður-Karólínu fyrir væntanlega verksmiðju sína. Áætlað er að fjárfesta fyrir tvo milljarða dollara í verksmiðjunni sem mun opna í lok árs 2026 en vinna við verksmiðjuna hefst strax á þessu ári. Verksmiðjan mun búa til 4.000 störf þar sem pallbílar Scout og einnig jeppar verða framleiddir. Þegar verksmiðjan hefur náð fullum afköstum mun hún anna um 200.000 ökutækjum á ársgrundvelli, segir í fréttatilkynningu frá Scout Motors.

» Scout jeppinn ásamt pallbílunum mun koma á nýjum rafbílaundirvagni.

Verksmiðjan verður á 650 hektara landi og mun húsakosturinn ná yfir 445 hektara sem er engin smásmíði. Myndir sem Scout Motors hefur látið frá sér hafa sýnt að bílar merkisins verða kassalaga líkt og Scout-jeppar fortíðar og koma á stórum dekkjum með góða veghæð. Munu þeir koma á nýjum rafbílaundirvagni sem er sameiginlegur bæði fyrir jeppann og pallbílinn. ■

Mercedes byggir endurvinnsluverksmiðju

njall@frettabladid.is

Mercedes-Benz hefur lagt grunninn að fyrstu endurvinnsluverksmiðju sinni fyrir rafhlöður. Samkvæmt fréttamiðlinum Reuters verður verksmiðjan staðsett í Suður-Þýskalandi, nánar tiltekið í Kuppenheim. Þegar fyrsti hluti verksmiðjunnar verður tekinn í notkun á næsta ári mun hún geta annað 2.500 tonnum árlega en það mun duga til að endurframleiða



Fyrsti hluti verksmiðjunnar verður tilbúinn í desember en þar verða rafhlöðurnar teknar í sundur.

MYND/MERCEDES

50.000 rafhlöður fyrir framleiðandann. Til að byrja með verða rafhlöður frá bílum á fyrstu stigum framleiðslu notaðar en ef verksmiðjan gengur vel verður hægt að stækka hana. Fyrstu hlutar verksmiðjunnar verða tilbúnir í desember á þessu ári en það er sá hluti sem sér um að taka rafhlöðurnar í sundur. Verksmiðjan verður keyrð á grænu rafmagni sem meðal annars kemur frá sólar- og vindorkuverum. ■



www.krokur.net
522 4600

Taktu Krók á leiðarenda

Krókur er fyrirtæki sem að hefur sérhæft sig í flutningum og björgun ökutækja. Félagið rekur einnig þjónustumiðstöð fyrir tjónaökutæki þar sem veitt er ahlíða þjónusta í meðhöndlun tjónabifreiða og annarra bifreiða samkvæmt óskum viðskiptavina.

Krókur býður m.a. uppá:

- Starfsmenn sem eru þjálfaðir og reyndir í bíla- og tækjaflutningum



KRÓKUR
á þinni leið

Vesturhraun 5 210 Garðabær

Finnur svakalegan mun á sér með Nutrilenk

Aron Gauti Óskarsson hefur notað Nutrilenk Gold undanfarin sex ár eða eftir að hann reif liðþófa og varð fyrir brjóskskemmdum, ásamt því að ristarbrotna. Hann finnur þvílíkan mun á sér eftir að hann byrjaði að nota Nutrilenk Gold.

Nutrilenk Gold hefur hjálpað þúsundum Íslendinga sem þjást hafa afliðeymslum, stíðrleika eða braki í liðum. Það er unnið úr sérvöldum fiskbeinum, aðallega úr hákörlum, sem eru rík af kondróitíni, kollageni og kalki, og hefur reynslan sýnt að það hefur hjálpað fjölmörgum sem finna fyrir eymslum í liðum, þá sérstaklega hnjám og mjöðmum.

Nutrilenk Gold hentar vel ef brjók hefur orðið fyrir hnjaski og með reglulegri inntöku er hægt að viðhalda árangrinum. Grundvallaratriði er þó að brjóskeyðing sé ekki alger.

Ég legg mikla áherslu á inntöku Nutrilenk Gold samhliða endurhæfingu.

Mælir eindregið með Nutrilenk Aron Gauti er 26 ára og uppalinn í Kópavogi. Hann hefur æft handbolta frá unga aldri og spilað með helstu handboltafélögum landsins, þar á meðal ÍBV, Haukum og Fram, en í dag spilar hann fyrir HK og gengur vel.

„Í gegnum þennan „stutta“ affreksiþróttaferil hef ég þó lent í ýmsum meiðslum og aðgerðum, til að mynda ökklabroti, ristarbroti, liðþófaaðgerðum og brjóskaðgerðum í hné. Ég hef fundið fyrir miklum eymslum og kvillum í hnénu síðan ég reif liðþófa í fyrsta skipti,“ greinir Aron Gauti frá.

Hann byrjaði að nota Nutrilenk eftir að hafa brotnað á rist fyrir sex árum síðan og tekur inn tvær til þrjár töflur á dag.

„Það hefur hentað mér gríðarlega vel. Síðan hef ég tekið inn bætiefnið með hléum en ég legg mikla áherslu á inntökuna samhliða endurhæfingu. Þegar ég hef gert hlé á inntöku Nutrilenk finn



Aron Gauti Óskarsson, handboltamaðurur í HK, tekur Nutrilenk Gold upp á hvern dag með góðum árangri.

MYND/VILHELM GUNNARSSON

Nutrilenk Gold inniheldur:

- Kondróitín sem unnið er úr fiskbeinum, aðallega hákörlum.
- Kalk sem er nauðsynlegt fyrir viðhald eðlilegra beina.
- Mangan sem stuðlar að viðhaldi eðlilegra beina sem og eðlilegri myndun bandvefja.
- D-vítamín sem stuðlar að viðhaldi eðlilegra beina og vöðvastarfsemi.
- C-vítamín sem stuðlar að eðlilegri myndun kollagens fyrir eðlilega starfsemi beina og brjósks og er einnig þekkt fyrir að draga úr þreytu og lúa.



ég þvílíkan mun og eymslin og kvillarnir sem hafa verið að hrjá mig koma aftur í ljós,“ segir Aron Gauti og heldur áfram:

„Að mínu mati finnst mér Nutrilenk Gold hafa hjálpað mér með endurheimt eftir mikið álag á æfingum. Ég finn gríðarlegan mun á liðum og beinum eftir að ég byrjaði að taka Nutrilenk Gold og mæli eindregið með því fyrir unga sem aldna sem hafa eða finna fyrir eymslum í liðum og beinum.“

Byggingarefni brjósksvefs

Helstu innihaldsefnin í Nutrilenk Gold er kondróitín og kalk en til að gera þessi innihaldsefni eins virk og kostur er eru þau meðhöndlað með ensími (hvata) sem smækkar stóru mólekúlin og gerir þau frásogunarhæf og virk sem byggingarefni fyrir brjósksvef. Að auki inniheldur Nutrilenk Gold C-vítamín, sem hvetur eðlilega myndun kollagens sem er nauðsynlegt til að viðhalda brjóski, D-vítamín og mangan. ■

Þegar ég hef gert hlé á inntöku finn ég þvílíkan mun og eymslin og kvillarnir sem hafa verið að hrjá mig koma aftur í ljós.



Aron Gauti spilar nú með meistaraflokksliði HK þar sem honum hefur gengið vel. MYND/ÞORGILS G.

LIPINORM A-800

Ert þú að glíma við of hátt gildi kólesteróls í blóðinu?

Besta ráðið er aukin dagleg hreyfing og breytt matarræði.

Lipinorm A-800 er góð viðbót við þá lífsstílesbreytingu. Virk náttúrleg innihaldsefni í **Lipinorm** stuðla að eðlilegri blóðfitu og hjartastarfssemi.

Ekki slá vandamálinu á frest og hugsaðu með hjartanu.

Fæst í apótekum og almennum verslunum.



Protis kollagen gaf húðinni og hárinu gljáa

Þorbjörg Svana byrjaði að nota Protis® kollagen fyrir rúmu ári og hefur fundið fyrir miklum jákvæðum breytingum á húðinni og hárinu. Einnig hafa liðverkir minnkað til muna. Þessar breytingar hafa hjálpað henni við bata eftir slys sem sendi hana í veikindaleyfi fyrir rúmum þremur árum.

Þorbjörg Svana Gunnarsdóttir er lærð hárgreiðslukona, ústillinga-hönnuður og hundabjálfi, en hún hefur verið í veikindaleyfi vegna slyss sem olli henni vægum heilaskaða fyrir rúmum þremur árum. Hún er að vinna í bata og segir að kollagenið frá Protis hafi hjálpað sér gríðarlega við að jafna sig á ýmsu sem misförst eftir slysið.

„Vinkona mín benti mér á að prófa kollagenið og ég byrjaði að taka það inn fyrir rúmu ári síðan. Hún talaði ofboðslega vel um þetta og ég hafði séð þetta hjálpa henni mikið og sjálf er ég búin að leita allra ráða til að verða aftur ég eftir slysið, þannig að ég prófaði,“ segir Þorbjörg. „Ég er rosa þakklát fyrir ábendinguna, því ég er búin að prófa ýmislegt sem hefur verið mælt með án teljandi árangurs og margt af því er miklu dýrara, en fæðubótarefnin frá Protis eru æði. Ég er mjög þakklát fyrir að finna svona gæðavöru á góðu verði.“

Áhrifin komu á óvart

„Ég finn rosalegan mun á mér og satt að segja kom það mér á óvart hvað þetta breytti miklu, því ég hef prófað kollagen frá öðrum fram-

leiðendum sem hjálpaði mér ekki eins mikið,“ segir Þorbjörg. „Eftir slysið fór allt kerfið mitt í klessu en ég finn núna mikinn mun á hárinu, húðinni og er mun betri, finn ég, af liðverkjum.

Ég hef alltaf verið íþróttakona en eftir slysið varð ég mjög veik og liðirnir veiktust svo mikið að ég gat ekkert gert. En síðasta ár hef ég getað byrjað að hreyfa mig aftur,“ segir Þorbjörg. „Nú get ég stundað líkamsrækt aftur, ekki mikið að vísu, en ég finn mun, sem er frábært.“

Húðin ekki lengur eins þurr

„Ég hef alltaf glímt við exem og verið með mjög þurra húð svo ég hef þurft að bera á mig krem, body lotion og skrúbba hælana, en eftir að ég byrjaði að nota kollagenið þarf ég ekki lengur body lotion og finn mun á hælunum líka, því ég er ekki lengur eins þurr í húðinni,“ segir Þorbjörg. „Núna finnst mér hún hafa miklu meiri gljáa og hreinlega glansa, án þess að vera feit. Húðin er miklu meira lifandi, ferskari og hún bara glóir. Þannig að ég finn hvað þetta hjálpar henni mikið.“

Hárið þykkara og heilbrigðara

„Ég vann sem hárgreiðslukona fyrir slysið svo ég spái mikið í hári. Ég hef tekið eftir því að það kemur



Kolla-
genið frá
Protis er komið
í nýjar umbúðir
með nýtt og
ferskt útlit.

Þorbjörg Svana Gunnarsdóttir segir að kollagenið frá Protis sé algjört töframeðal.

FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

rosamikill gljái í hárið og mér finnst það síkka hraðar, það er þykkara og það er falleg hreyfing og miklu meira líf í því,“ segir Þorbjörg. „Það er bara algjör snilld. Allir vilja hafa fallegt hár og konur sækjast sér-staklega eftir því að fá gljáa í hárið og þetta er undraefni fyrir það. Ég hef líka séð mikinn mun á hári vinkonu minnar sem benti mér á þetta. Hárið hennar var í vondu ástandi áður en hún byrjaði að nota kollagenið, það var mjög fingert og síkkaði aldrei því það

brotnaði svo auðveldlega,“ útskýrir Þorbjörg. „En nú er það orðið fallegt og heilbriggt og ég hef aldrei séð hana með svona sitt hár. Það er magnað hvað álag, áföll og streita hefur mikil áhrif á hárið. Eftir slysið tók ég eftir miklum neikvæðum áhrifum á hárið mitt en eftir að ég byrjaði á kollageninu hefur það lagast mikið. Þetta er bara gegguð vara og algjört töframeðal, enda er ég í hálfgerðri áskrift,“ segir Þorbjörg að lokum.

Um Protis® kollagen

Kollagen er náttúrulegt prótín og eitt helsta byggingarefni líkamans.

Gott að vita um Protis® kollagen:

- Mikið magn virkra efna
- Engin aukefni
- Sýnilegur árangur á 30 dögum
- Íslenskt hugvit og framleiðsla
- Ekkert gelatín eða sykurl

Protis® kollagen er framleitt úr íslensku fiskroði. Varan er einstök blanda af bestu innihaldsefnum sem öll styðja við styrkingu á húð, hári og nöglum. Kollagen úr fiski er áhrifaríkara en kollagen úr landdýrum þar sem upptaka úr meltingarvegi er betri.

Helstu innihaldsefni:

- SeaCol® er blanda af vatns-rofnu kollageni úr íslensku fiskroði og vatnsrofnu þorsprótíni úr íslenskum þorski. SeaCol® tekur þátt í að styrkja vefi líkamans og viðhalda teygjanleika
- C-vítamín tekur þátt í myndun kollagens í líkamanum
- Hýaluron-sýra er eitt mest rakagefandi efni náttúrunnar og viðheldur meðal annars raka húðarinnar
- Kóensím Q10 er að finna í nær öllum frumum líkamans. Það er mikilvægt fyrir endurnýjun fruma eins og húðfruma
- B2- og B3-vítamín, sink, kopar og biótín fyrir hárvöxt, endurnýjun húðar og vöxt nagla

Protis® Kollagen fæst í næsta apóteki, heilsuvöruverslun og stórverslun. Nánar á protis.is.

Þetta var mjög stórt



Guðmundur Hilmarsson gummi
@frettabladid.is

Sundkonan Snæfríður Sól Jórunnardóttir gerði það heldur betur gott á Vestur-Danmerkurmótinu í sundi um nýliðna helgi.

Snæfríður setti tvö glæsileg Íslandsmet í skriðsundi í 50 metra laug á mótinu. Hún bætti 14 ára gamalt met Ragnheiðar Ragnarsdóttur í 100 metra skriðsundi. Hún synti vegalengdina á 55,61 sekúndu en Snæfríður sló metið þegar hún synti fyrsta sprettinn í 4x100 metra boðsundi. Sveit hennar vann gullverðlaunin í greininni.

Þá bætti Snæfríður eigið met í 200 metra skriðsundi. Sigurtími hennar var 1:59,75 mínútur en eldra met hennar var 2:00,20 mínútur sem hún setti á Ólympíuleikunum í Tókýó árið 2021. Þetta er í fyrsta sinn sem íslensk sundkona syndir á undir tveimur mínútum í 50 metra laug í þessari grein.

Snæfríður á einnig Íslandsmetin í 100 og 200 metra baksundi í 25 metra laug en þau setti hún á HM í Melbourne í Ástralíu í desember síðastliðnum.

„Ég er vitaskuld ánægð með árangur minn á mótinu. Þetta var mjög stórt að ná að synda 200 metrana á undir tveimur mínútum en það var eitthvað sem ég var búin að reyna að ná í langan tíma,“ segir Snæfríður þegar Fréttablaðið slær á þráðinn til hennar til Danmerkur.

„Ég reiknaði ekki með því að slá metið í 100 metra skriðsundinu og ég vissi hreinlega ekki af því að ég hefði slegið það fyrr en talsvert eftir sundið. En það var ansi góð tilfinning þegar ég áttaði mig á því að hafa slegið þetta met sem hafði staðið svo lengi. Þetta var því mjög góð helgi og ég er bara stolt af sjálfri mér.“



Snæfríði dreymir um að komast á Ólympíuleikana í París á næsta ári.

MYND/SSI

Átti ekki von á þessu núna Snæfríður segist ekki hafa búist við því að ná að synda svona hratt eins og raun bar vitni á þessum tímapunkti.

„Ég átti alls ekki von á því að þetta myndi gerast núna. Ég er búin að vera í þungum æfingum og er nýkomin úr tveggja vikna æfingabúðum. En ég var vel upplögð frá fyrsta keppnisdegi og ég hafði trú á sjálfri mér,“ segir Snæfríður.

Snæfríður er 22 ára gömul og hefur verið búsett í Danmörku frá því hún var níu ára gömul en hún hóf sundferil sinn með Hamri í Hveragerði. Hún syndir fyrir sundlið Álaborgar og varð danskur bikarmeistari með því í nóvember. Snæfríður sló fimm Íslandsmet á síðasta ári og var útnefnd sundkona ársins 2022 af

Sundsambandi Íslands og það í annað sinn.

Snæfríður á ekki heimangengt á Íslandsmótið í sundi í 50 metra laug sem haldið verður í Laugardalslauginni í byrjun næsta mánaðar.

„Mér var auðvitað boðið að koma heim til Íslands og keppa en þar sem opna danska mótið fer fram á sama tíma kem ég ekki. Liðið sem ég æfi og keppi með verður allt með á þessu móti í Danmörku. Það er mikil samstaða í liðinu og samkeppnin hörð og ég ætla að standa mig vel á mótinu,“ segir Snæfríður.

Hún segist stefna á að tryggja sér þátttökurétt á HM sem fram fer í Fukuoka í Japan í júlí og þá dreymir hana um að taka þátt í sínum öðrum Ólympíuleikum en þeir verða haldnir í París á næsta ári.

„Það lítur vel út núna að ég nái að tryggja mér sæti á HM og ég stefni að sjálfsögðu á að komast þangað. Ég ætti að ná að synda hraðar í apríl samkvæmt æfingaáætlun minni og vonandi tekst mér að ná lágmarkinu. Draumurinn er svo að keppa á Ólympíuleikunum í París en ég stilli þessu þannig upp að taka eitt skref í einu og vera ekki að stressa mig of mikið.“

Snæfríður hefur búið meira en helming ævi sinnar í Danmörku og líkar dvölin vel þar. Hún flutti með fjölskyldu sinni til Árósa en er nú búsett í Álaborg.


„Ég er ekkert á heimleið. Það er í nógu að snúast hjá mér. Ég er í háskólanámi og er á öðru ári í sálfræði og svo eru stífar æfingar og keppni með sundliðinu mínu,“ segir Snæfríður, sem byrjaði feril sinn í sundlauginni í ungubarnasundi. ■

”Ég er vitaskuld ánægð með árangur minn á mótinu og það var mjög stórt að ná að synda 200 metrana á undir tveimur mínútum.



Í KVÖLD KL. 19.00 OG 21.00


Vikulegur þáttur um íslenskt viðskiptalíf
þar sem farið er yfir helstu viðskiptafréttir
vikunnar ásamt því sem hæst ber í
efnahagslífinu hverju sinni.



markadurinn.is



HRINGBRAUT



SJÓNVAPSDAGSKRÁ

HRINGBRAUT

18.30 Fréttavaktin Fréttir dagsins í opinni dagskrá.
19.00 Markaðurinn
19.30 Söfnin á Íslandi
20.00 Bióbærinn Fjallað um væntanlegar kvikmyndir og þáttaraðir ásamt almennu bióspjalli.
20.30 Fréttavaktin
21.00 Markaðurinn

RÚV SJÓNVARP

13.00 Fréttir með táknmálstúlkun
13.25 Heimaleikfimi
13.35 Kastljós
14.00 Útsvar 2017-2018
15.15 Söngvakeppnin 2023
17.35 Okkar á milli Sigurlaug Margrét Jónasdóttir fær til sín góða gesti úr öllum áttum og ræðir við þá undir fjögur augu. Gestirnir eiga það sameiginlegt að hafa áhugaverða sögu að segja. Dagskrárgerð: Ragnheiður Thorsteinnsson.

18.00 Fréttir
18.25 Íþróttir
18.30 Veður
18.35 EM stofan
19.05 Tékkland - Ísland Bein útsending frá leik Tékklands og Íslands í undankeppni EM karla í handbolta.

20.45 EM stofan Uppgjör á leik Tékklands og Íslands í undankeppni EM karla í handbolta.

21.10 Vikinglottó
21.15 Kiljan Þáttur sem er löngu orðinn ómissandi í bókmenntaumræðunni í landinu. Egill og bókelskir félagar hans fjalla sem fyrr um forvitnilegar bækur af ýmsum toga og úr öllum áttum. Umsjón: Egill Helgason.

22.00 Tiufréttir
22.15 Veður

22.20 Andóf í fjandsamlegu umhverfi. Treggreind Heimildarmynd frá 2021. Á árunum frá 1960 til 1980 urðu miklar samfélagsbætur til handa svörtum í bresku samfélagi. Börnin sátu þó á margan hátt eftir og voru kerfisbundið send í skóla fyrir greindarskerta. Hér segir frá baráttu foreldra, kennara og aðgerðasinna til að bæta úr þessu hrópanði misrétti.

23.20 Lífshlaup í tíu myndum - Elizabeth Taylor Heimildarþáttaröð frá BBC þar sem ljósmyndir eru notaðar til að fara yfir lífshlaup þekktra einstaklinga. e.

00.10 Dagskrárlok

SJÓNVARP SÍMANS

12.00 Dr. Phil
12.42 The Late Late Show with James Corden
13.21 The Block
14.28 Love Island
15.13 Læknirinn í eldhúsinu
15.48 Að heiman - íslenskir arki-tektar
16.10 Ghosts
17.40 Dr. Phil
18.25 The Late Late Show with James Corden
19.10 9JKL
19.40 The Neighborhood
20.10 Survivor
21.50 New Amsterdam
22.40 Love Island
23.25 Good Trouble
00.10 The Late Late Show with James Corden
00.55 NCIS
01.40 NCIS. New Orleans
02.25 9-1-1
03.10 American Gigolo
04.00 Love Island

STÖÐ 2

08.00 Heimsókn
08.15 Grand Designs. Australia
09.00 Bold and the Beautiful
09.25 The Goldbergs
09.45 Mr. Mayor
10.05 Masterchef USA
10.45 Þetta reddast
11.05 Um land allt
11.45 Ísskápastríð
12.20 Franklin & Bash
12.20 Franklin & Bash
13.00 Saved by the Bell
13.25 Love Triangle
14.20 The Heart Guy
15.10 Men in Kilts. A Roadtrip with Sam and Graham

15.40 NCIS
16.25 Lóa Pind. Battlað í borginni
17.00 Skreytum hús
17.20 Franklin & Bash
17.55 Bold and the Beautiful
18.20 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.50 Sportpakinn
18.55 Ísland í dag
19.10 Heimsókn
19.35 Grey's Anatomy
20.20 Family Law
21.05 The Resort Spennandi og kómiskir þættir frá 2022. Brúðkaupsafmælisferð til Mexico tvinnast óvænt inn í stórfurðulega ráðgátu og nýjar hindranir reyna á það hversu langt þú ert til í að ganga í nafni ástarinnar.

21.40 Unforgettable
22.25 Grantchester
23.10 Euphoria
00.10 Outlander
01.10 Wentworth
02.40 Saved by the Bell
03.10 Love Triangle

Forstjóri Landsvirkjunar mætir í Markaðinn

Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkjunar, verður gestur sjónvarpsþáttarins Markaðarins á Hringbraut í kvöld, en ársfundur fyrirtækisins var haldinn í gærdag þar sem virkjanapörfin vegna orkuskipta á komandi árum var skoðuð sérstaklega. ■



KROSSGÁTA

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10			11		
		12			
13	14				
15				16	
	17				

LÁRÉTT

1 kassi
5 segja
6 goð
8 dandalast
10 líka
11 kvk nafn
12 þófta
13 hnífur
15 ávöxtur
17 flott

LÓÐRÉTT

1 skaka
2 skjögur
3 þjófnaður
4 ögn
7 skilja
9 skynja
12 málhelti
14 þar til
16 ryk

LÁRÉTT: 1 skrin, 5 týla, 6 ás, 8 rangla, 10 og, 11 run, 12 sess, 13 kúti, 15 ananas, 17 smarl.
LÓÐRÉTT: 1 strokka, 2 klæg, 3 rán, 4 nálús, 7 san-
sast, 9 greina, 12 stam, 14 uns, 16 ar.

SUDOKU

2				6	1	5		
		1		2	4			3
	6						8	
		6	4					
4	7	2			5			9
	8		9	1		6	4	
		9				7		
8	3		7					
	4				3	8		

4		5			9		7	
	8	3			4			5
					8	2		
			2	4				
1						5	9	
	4	7				8		
			3			7	2	
					1	3		
			8					9

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

PONDUS



FRÓDE ØVERLI





Gögn eru lykillinn að framtíðinni

Net- og kerfisstjóri

Við leitum að netstjóra með ríka öryggisvitund og metnað til að takast á við spennandi verkefni í uppbyggingu grunninnviða á sviði upplýsingatækni. Netstjóri ber ábyrgð á víðnetum (WAN) og staðarnetum (LAN) Landsnets og hefur umsjón með daglegum rekstri upplýsingatæknikerfa Landsnets.

Hlutverk Landsnets er að annast flutning raforku og stjórnun raforkukerfisins á Íslandi. Stjórnkerfi raforkukerfisins á Íslandi byggir á rekstraröryggi net- og tölvukerfa og því er um krefjandi og ábyrgðarmikið starf að ræða. Upplýsingatækni gegnir lykilhlutverki í framþróun fyrirtækisins og framundan eru krefjandi og skemmtileg verkefni í samstarfi við innlenda og erlenda birgja.

Næsti yfirmaður er Ásmundur Bjarnason, forstöðumaður upplýsingatækni.

Helstu verkefni

- Uppsetning, uppfærslur og rekstur tölvuneta
- Viðhald og eftirlit með eldveggjum
- Eftirlit með afköstum og rekstraröryggi netkerfa
- Eftirfylgni með þróun og nýjungum í netkerfum
- Daglegur rekstur, viðhald og eftirlit með netþjónum og tölvubúnaði
- Markviss vinna að aukningu rekstraröryggis upplýsingakerfa
- Þátttaka í þróun og smíði upplýsingakerfa skv. upplýsingastefnu Landsnets

Hæfniskröfur

- Nám í tölvunarfræði, kerfisfræði eða sambærilegt nám eða reynsla
- Þekking á Cisco búnaði
- Þekking á NGFW er mikill kostur
- Reynsla af kerfisstjórnun í Microsoft/Linux umhverfi er kostur
- Góð samskiptaferni og geta til að vinna í teymi
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð og jákvætt viðhorf

Sérfræðingur í gagnateymi

Við leitum að einstaklingi til að koma inn í stækkandi gagnateymi og þróa gagnadrifna framtíð Landsnets. Teymið hefur það að markmiði að auka sjálfvirkni í störfum og bæta gagnadrifna þjónustu byggða á sögulegum og rauntíma upplýsingum fyrir innri og ytri starfsemi Landsnets.

Gagnateymið er sjálfstætt, framsækið og tileinkar sér þau vinnubrögð að deila ábyrgð. Viðkomandi fær því tækifæri til að vinna með fjölbreytt gögn, fjármála- og markaðsupplýsingar, orku- og landupplýsingar og koma gögnum til hagnýtingar til aukinnar sjálfvirkni og bættrar ákvarðanatöku.

Næsti yfirmaður er Sverrir Jan Norðfjörð, framkvæmdastjóri stafrænnar þróunar og gagna.

Helstu verkefni

- Vinna í rekstri og þróun á gagnagrunnum, vöruhúsum og rauntíma gangavinnslum
- Greining, hönnun og útfærsla á gagnadrifnum lausnum
- Almenn úrvinnsla, meðhöndlun og samþætting gagna úr ólíkum kerfum
- Virk þátttaka í þróun á gagnastefnu Landsnets
- Þjónusta starfsfólk Landsnets með gagnanotkun

Hæfniskröfur

- Nám í verkfræði, tölvunarfræði, stærðfræði eða sambærilegt nám eða reynsla
- Þekking í gagnagrunnsforritun (s.s. SQL, Python) og gagnavinnslu (t.d. tímaraðargreiningu, spá, gervigreind, bestun o.fl.)
- Góð reynsla af rekstri gagnagrunnsumhverfis
- Staðgóð þekking á gagnagrunnsfræðum og greiningartólum
- Góð samskiptaferni og geta til að vinna í teymi
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð og jákvætt viðhorf

Umsóknarfrestur er til og með 19. mars nk. Sótt er um starfið á landsnet.is.

Við hvetjum öll áhugasöm til að sækja um óháð uppruna, aldri eða kyni. Umsókn þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem þú segir okkur af hverju þig langar til að bætast í hópinn. Nánari upplýsingar veitir Jason Már Bergsteinsson, mannauðssérfræðingur, mannaudur@landsnet.is. Öllum umsóknum verður svarað og farið með þær sem trúnaðarmál.

Við erum lykilinnviður þjóðarinnar og allt okkar starf snýst um að flytja orku sem drífur áfram lífsgæði og sköpunarkraft samfélagsins til framtíðar. Við leggjum áherslu á virðingu, samvinnu og ábyrgð. Við erum framsækið þekkingarfyrirtæki sem býður kraftmiklu starfsfólki spennandi verkefni við aðstæður þar sem umhyggja, jafnrétti og öryggi eru í fyrirrúmi.

Lögfræðingur



Lífeyrissjóður
verzlunarmanna

Lífeyrissjóður verzlunarmanna leitar að lögfræðingi til starfa á lögfræðisviði sjóðsins sem skipað er þremur lögfræðingum. Sviðið veitir stjórn, framkvæmdastjóra og sex sviðum sjóðsins lögfræðiráðgjöf og vinnur að margþættum viðfangsefnum og hagsmunagæslu. Meðal verkefna eru túlkun og framkvæmd laga og reglna varðandi starfsemi sjóðsins, samningagerð, ráðgjöf varðandi stjórnarhætti, umsjón með samþættingu sjálfbærni í starfseminni og ýmis umsýslustörf.

Helstu verkefni:

- Þjónusta og samstarf við eignastýringu, áhættustýringu og önnur svið sjóðsins.
- Túlkun og framkvæmd laga, m.a. á sviði verðbréfaréttar, félagaréttar og samkeppnisréttar.
- Aðkoma og umsjón með samningagerð, m.a. varðandi innlend og erlend eignasöfn sjóðsins.
- Umsjón með útivistunarsamningum sjóðsins.
- Önnur verkefni á lögfræðisviði.

Hæfniskröfur:

- Haldgóð starfsreynsla sem nýtist í starfi.
- Meistaragráða / embættispróf í lögfræði.
- Færni til að afla sér nýrrar þekkingar og aðlagast breytingum í starfsumhverfi.
- Próf í verðbréfaréttindum er kostur.
- Skipulögð vinnubrögð, sjálfstæði og frumkvæði í starfi.
- Hæfni í samskiptum og fagleg framkoma.
- Gott vald á íslensku og ensku í rituðu og töluðu máli.



LV er leiðandi lífeyrissjóður sem styður við fjárhagslega framtíð sjóðfélaga. Starfsemin felst í margvíslegum verkefnum varðandi móttöku iðgjalda, ávöxtun og annarri umsýslu eignasafna og þjónustu við sjóðfélaga.

Á liðnu ári greiddi sjóðurinn rúma 26 milljarða í lífeyri til ríflega 22 þúsund sjóðfélaga. Fjármunir sjóðfélaga eru ávaxtaðir með gagnsæjum og ábyrgum hætti með samfélagslega ábyrgð að leiðarljósi. Eignir LV eru ávaxtaðar í fimm eignasöfnum og námu 1.173 milljörðum króna í árslok 2022.

Hjá sjóðnum starfar 58 manna samhent liðsheild þar sem hver og einn nær að nýta hæfileika sína og þekkingu til að sinna krefjandi verkefnum. Áhersla er lögð á fagleg vinnubrögð, þverfaglegt samstarf, góð samskipti, frumkvæði og hæfni til að laga sig að síbreytilegu umhverfi.

LV býður upp á góða starfsaðstöðu og starfsumhverfi þar sem áhersla er meðal annars lögð á jafnrétti og jafnvægi milli vinnu og einkalífs. LV hefur hlotið jafnlaunavottun.




Umsóknarfrestur er til og með 14. mars nk.

Sótt er um starfið á www.vinnvinn.is.

Umsókn skal fylgja ferilskrá og ítarlegt kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur um hæfni viðkomandi til að gegna starfinu.

Umsjón með starfinu hefur Jensína K. Böðvarsdóttir (jensina@vinnvinn.is) og Garðar Óli Ágústsson (gardar@vinnvinn.is).

vinnvinn
RÁÐNINGAR | RÁÐGJÖF



Framkvæmdastjóri

Viltu gera höfuðborgarsvæðið að eftirsóknarverðum áfangastað?

Við óskum eftir að ráða öflugan einstakling í starf framkvæmdastjóra Markaðs- og áfangastaðastofu höfuðborgarsvæðisins. Hér er um að ræða nýtt og spennandi starf sem felur m.a. í sér að móta nýja starfsemi á heimsmælikvarða. Leitað er að drifandi og skipulögðum leiðtoga sem býr yfir framúrskarandi samskiptahæfni og skapandi hugsun.

■ Helstu verkefni og ábyrgð

- Ábyrgð á stjórnun og daglegum rekstri
- Samskipti og samstarf við stjórnvöld og hagsmunaaðila
- Umsjón og eftirfylgni með ferðamálaþingi og öðrum fundum, kynningum og ráðstefnum
- Mótun, innleiðing og eftirfylgni með starfs- og fjárhagsáætlun
- Mótun, innleiðing og eftirfylgni með áfangastaðaaætlun
- Umsjón með markaðssetningu og kynningu svæðisins
- Stefnumótun, vörubrún og nýsköpun í samstarfi við ferðaþjónustuna

■ Menntunar- og hæfniskröfur


- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, framhaldsmenntun er æskileg
- Reynsla og þekking á stjórnun, verkefnastjórnun og gagnagreiningu
- Reynsla og þekking á stefnumótun og áætlanagerð
- Reynsla og þekking á markaðsmálum
- Góð þekking á höfuðborgarsvæðinu og ferðaþjónustu
- Góð samskiptahæfni og skipulögð vinnubrögð
- Góð færni til tjáningar í ræðu og riti á íslensku og ensku
- Frumkvæði, drifkraftur og sjálfstæð vinnubrögð

Markaðs- og áfangastaðastofa höfuðborgarsvæðisins er ný sjálfseignarstofnun sem sett er á fót í samstarfi sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og Ferðamálasamtaka höfuðborgarsvæðisins.

Umsóknarfrestur er til og með **20. mars 2023**. Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is og þarf henni að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni umsækjanda sem nýtist í starfi. Allar umsóknir eru trúnaðarmál og verða nöfn umsækjenda ekki birt opinberlega.

Nánari upplýsingar veitir Sigríður Svava Sandholt (sigridur@intellecta.is) í síma 511 1225. Áhugasamir einstaklingar, óháð kyni, eru hvattir til að sækja um starfið.

intellecta
Ráðgjöf | Ráðningar | Rannsóknir



Framkvæmdastjóri Austurbrúar

Ertu reyndur stjórnandi með góða leiðtogahæfileika og innsýn í stjórnsýslu?



Leitað er að drifandi og reyndum leiðtoga í stjórnunarstarf sem byggir m.a. á miklum samskiptum við stjórnvöld á öllum stigum stjórnsýslunnar, stofnanir og fyrirtæki í nærumhverfi og á landsvísu, hagsmunasamtök og aðra þá sem tengjast starfsemi stofnunarinnar.

■ Helstu verkefni og ábyrgð:

- Ábyrgð á daglegum rekstri og stjórnun starfsemi Austurbrúar, SSA og annarra tengdra félaga
- Ábyrgð á framkvæmd ákvarðana stjórna
- Ábyrgð á framkvæmd fjárhagsáætlana, starfsáætlana og stefnumörkunar
- Ábyrgð á framkvæmd samningsbundinna verkefna Austurbrúar og SSA
- Hagsmunagæsla fyrir landshlutann og eftirfylgni svæðisskipulags Austurlands
- Samskipti og samstarf við hagaðila s.s. sveitarfélög, stofnanir, atvinnulíf og aðra hagaðila
- Undirbúningur stjórnarfunda og úrvinnsla eftir þá
- Ráðgjöf við stjórn

Austurbrú er sjálfseignarstofnun sem starfar í stoðþjónustu á Austurlandi. Stofnunin er verkefnastofa sem vinnur að framgangi viðtækra og þverfaglegra verkefna í þágu Austurlands. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Framkvæmdastjóri getur haft aðsetur á hverri af starfsstöðvum Austurbrúar en búseta á Austurlandi er skilyrði.

Umsóknarfrestur er til og með **12. mars 2023**. Umsókn óskast fyllt út á **www.intellecta.is** og þarf henni að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni umsækjanda sem nýtist í starfi. Allar umsóknir eru trúnaðarmál og verða nöfn umsækjenda ekki birt opinberlega.

Nánari upplýsingar veitir Sigríður Svava Sandholt (sigridur@intellecta.is) í síma 511 1225. Áhugasamir einstaklingar, óháð kyni, eru hvattir til að sækja um starfið.



RÁÐNINGAR

Árangur fyrirtækja ræðst af þekkingu, getu og reynslu starfsmanna.

Hver einstök ráðning er mikilvæg fjárfesting og er hagur bæði fyrirtækis og viðkomandi einstaklings að vel takist til.

Hafðu samband við okkur og sjáðu hvað við getum gert fyrir þig.



Intellecta er sjálfstætt þekkingarfyrirtæki stofnað árið 2000. Við vinnum með stjórnendum við að auka árangur, bæta rekstur og efla stjórnun. Ráðgjafar Intellecta hafa sterkan faglegan bakgrunn og viðtæka alþjóðlega reynslu. Þennan grunn notum við í samvinnu við viðskiptavinum til að móta hugmyndir sem skipta máli og í innleiðingu lausna sem skila árangri.

intellecta

Lögfræðingur Viðskiptaráðs

Viðskiptaráð auglýsir eftir öflugum og metnaðarfullum einstaklingi í starf lögfræðings ráðsins. Starfið krefst frumkvæðis og hæfileika til að laga sig að fjölbreyttum og krefjandi verkefnum.

Helstu verkefni

- Gerð umsagna um lagafrumvörp
- Seta í nefndum og ráðum fyrir hönd ráðsins
- Lögfræðileg ráðgjöf
- Umsjón útgáfu á sviði stjórnarhátta fyrirtækja
- Umsjón með Gerðardómi Viðskiptaráðs
- Aðstoð við greiningarvinnu ráðsins
- Aðkoma að alþjóðlegu samstarfi
- Önnur tilfallandi dagleg skrifstofustörf

Menntunar- og hæfniskröfur

- Embættispróf eða grunn- og meistaraþróf í lögfræði
- Viðeigandi starfsreynsla
- Grunnþekking á efnahagsmálum og atvinnulífi
- Góð greiningar- og aðlögunarhæfni
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti á íslensku og ensku
- Framúrskarandi hæfni í teymisvinnu og mannlegum samskiptum
- Nákvæmni og sjálfstæði í vinnubrögðum

Umsóknir sendist á starfsumsokn@vi.is fyrir 1. apríl 2023.

Nánari upplýsingar veitir Svanhildur Hólm Valsdóttir, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs, svanhildurholm@vi.is, sími: 510-7100.



SPÁMIÐILL ER BYRJUÐ AFTUR

- SPÁÍ Í SPIL OG KRISTALSKÚLU MEÐ HJÁLP AÐ HANDAN
- HEILUN

ÞÓRA FRÁ BREKKUKOTI
S. 5574391

Leitum að öflugum liðsauka

Tveir hjúkrunarfræðingar á skurðstofu 60-100% starf

Leitum að tveimur einstaklingum með íslenskt hjúkrunarleyfi og reynslu. Leyfi í skurðhjúkrun æskilegt. Önnur staðan er stjórnunarstaða með yfirumsjón með skipulagi og verkefnum á skurðstofunum. Verksvið er vinna og skipulag á skurðstofum, innkaup, gæðastarf og eftirlit. Samskipti við sjúklinga og leiðbeining. Æskileg er góð tölvukunnátta (word/excel), frumkvæði, forystu- og samskiptahæfni, stundvísi og faglegur metnaður.

Upplýsingar veitir Stefán E. Matthíasson framkvæmdastjóri sem tekur við umsóknum með náms- og starfsferilsskrá auk meðmælenda, rafrænt á stefan@laekning.is, eða í síma 696 7585. Starfskjör eru samningsatriði en grundvallast á samningi SA og viðkomandi stéttarfélags.

Skurðstofan ehf hóf starfsemi árið 1996. Þar eru gerðar dagskurðaðgerðir í almennum-, æða-, lýta- fegrunar-, bæklunar- og kvensjúkdómaskurðlækningum. Frá stofnun rúmlega 50000 aðgerðir. Alger endurnýjun tækja og búnaðar hefur átt sér stað undanfarið.

Skurðstofan er lítið fyrirtæki með samheldnum hópi starfsmanna þar sem lögð er áhersla á góða þjónustu og gæði. Vinnutími er að öllu jöfnu frá kl 8-16 virka daga.

Umsóknarfrestur er til 25.03. 2023.

SKURÐ
STOFA NEHF

Lágmúla 5, 108 Reykjavík. S. 590 9213.

HH

RÁÐGJÖF

ERT ÞÚ
Í ATVINNULEIT?

Atvinnuappið
einfaldar atvinnuleitina

FJÖLDI STARFA Í BOÐI
ATVINNUAPPIÐ – HH RÁÐGJÖF

HH RÁÐGJÖF www.hhr.is
Sími: 561 5900 - hhr@hhr.is



Vilt þú leiða nýja nálgun verkefnastjórnunar?

Verkefnastjóri umbóta hjá Vegagerðinni

Vegagerðin auglýsir eftir verkefnastjóra umbóta. Um nýtt starf er að ræða og því einstakt tækifæri til þess að koma að mótnun og þróun á því.

Verkefnið er að innleiða breytingar á aðferðarfræði verkefnastjórnunar og leiða uppsetningu og notkun á verkefnastjórnunarkerfi í allri starfsemi Vegagerðarinnar sem er stærsta framkvæmdastofnun ríkisins. Byggt er á undirbúningsvinnu sem staðið hefur yfir um nokkurt skeið. Starfið tilheyrir deild stafrænna innviða og ferla, sem heyrir beint undir forstjóra Vegagerðarinnar.

Starfssvið

Viðkomandi mun leiða umbótaverkefni í faglegri verkefnastjórnun í teymisvinnu þvert á Vegagerðina. Starfið felur í sér umsjón með innleiðingu og þjálfun starfsmanna í framtíðar verkefnastjórnunarmhverfi Vegagerðarinnar, ásamt öðrum stærri umbótaverkefnum innan Vegagerðarinnar.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólanám sem nýtist í starfi
- Vottun í verkefnastjórnun MPM eða sambærilegu námi er kostur
- Reynsla af verkefnastjórnun skilyrði
- Mjög góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Hæfni til að vinna sjálfstætt sem og í teymisvinnu
- Lausnamiðuð hugsun, frumkvæði og faglegur metnaður
- Skipulögð og öguð vinnubrögð í starfi
- Góð íslensku- og enskukunnátta

Vegagerðin er eftirsóknarverður vinnustaður, stærsta framkvæmdastofnun landsins með gríðarlega fjölbreytta verkefnaflóru.

Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Björgvin Brynjólfsson (bjorgvin.brynjolfsson@vegagerdin.is) forstöðumaður stafrænna innviða og ferla.

Umsóknarfrestur er til og með 16. mars 2023.

Sótt er um laus störf á heimasíðu Vegagerðarinnar, www.vegagerdin.is



BBA//Fjeldco óskar eftir að ráða lögfræðing á skattasvið

BBA//Fjeldco er leiðandi lögmannsstofa á Íslandi og á sviði fjármála- og fyrirtækjalögfræði.

Við óskum eftir öflugum einstaklingi í okkar teymi og í boði er krefjandi og metnaðarfullt starf í alþjóðlegu vinnuumhverfi. Fyrirtækið er með skrifstofur í Reykjavík og í London ásamt starfsemi í Frakklandi.

// Hæfniskröfur

- Að minnsta kosti tveggja ára reynsla á skattasviði.
- Reynsla á sviði fyrirtækja- og fjármálagögfræði er kostur.
- Góð enskukunnátta er skilyrði.
- Sjálfstæð vinnubrögð.
- Frumkvæði í starfi.
- Hæfni til að vinna í krefjandi vinnuumhverfi og undir miklu álagi.

Umsóknir berist á umsokn@bbafjeldco.is. Umsóknarfrestur er til og með 17. mars 2023.

Elon Musk: Óvinur Íslands númer 1

Elon Musk stimplaði sig inn í gær sem óvinur íslensku þjóðarinnar númer eitt með fólkskulegum fúkyrðum sem hann jós yfir mann ársins 2022, Harald Þorleifsson, á samfélagsmiðlinum Twitter. Harald Þorleifsson! Okkar eina sanna, einn vinsælasta mann Íslands og Elon „vondi“ Musk augljóslega orðinn óvinur Íslands númer eitt. Fréttablaðið rifjar upp aðra fjandmenn þjóðarinnar – sem sumum hefur aldrei verið fyrirgefið.

odduraevar@frettabladid.is
benediktboas@frettabladid.is



Elon Musk
Þú ræðst ekki á mann ársins á Twitter, gerir lítið úr vinnuframlagi hans og gerir grín að veikindum hans. Haraldur Þorleifsson ákvað að greiða skatta á Íslandi og hefur bætt aðgengi og líf þúsunda á landinu undanfarin þrjú ár. Ef þú ræðst á okkar besta mann, þá ræðstu á okkur öll.



Pamela Anderson
„Ísland er ein af fjórum hræðilegum þjóðum sem eru enn að stæra sig af að drepa hvali. Atkvæðið þeirra kom mér lítið á óvart,“ sagði ofurstjarnan og dýravinurinn Pamela Anderson í samtali við Fréttablaðið árið 2016.
Tillaga um griðasvæði fyrir hvali í Suður-Atlantshafi var felld í Alþjóðahvalveiðiráðinu í október. Pamela er talsmaður

hvala og og situr í stjórn Sea Sheperd og lagði til að Ísland yrði beitt viðskipta- og efnahagsþvingunum fyrir sínar ólöglegu veiðar. Þá sendi hún Vladímír Pútín Rússlandsforseta persónulega beiðni um að stöðva för skips með langreyðakjöt frá Íslandi. Hún lýsti jafnframt yfir ánægju með hryðjuverkaaðgerðir samtakanna á Íslandi árið 1986.

Vladimir Volfovits
Zjirinovskij

Margir hafa gleymt því en rússneski þjóðernissinninn Vladimir Zjirinovskij gaf lítið fyrir það árið 1991 þegar Ísland varð fyrsta landið til þess að viðurkenna sjálfstæði Eystrasaltsríkjanna. Hann sagði að Íslendingar væru smáþjóð sem ætti að vera hlutlaus og eiga í góðum samskiptum við Rússland. „Hvers vegna eruð þið í NATO, án þess að eiga svo mikið sem einn skriðdreka eða kafbát?“ spurði Zjirinovskij og hló áður en hann spurði aftur hver tilgangurinn væri með því að vera í NATO. „NATO bjargar ykkur aldrei. Með nokkrum tundurskeytum og loftárásum er eyjan ykkar búin að vera.“



Paul Watson

Paul Watson og félagar í umhverfisamtökunum Sea Shepherd frömdu það eina sem eiginlega mætti kalla hryðjuverk hérlandis árið 1986, þegar þeir sökktu tveimur hvalveiðibátum í Reykjavíkurböfn. Íslenska þjóðin varð æfí kjölfarið og Watson að fjandmanni allra, enda sérstök niðurlæging fólgin í því að botnlökur hefðu einfaldlega verið skrúfaðar úr bátunum og þeim sökk. Watson hefur svo endurtekið mætt til Íslands og stráð salti í sárin, meðal annars 2006 þegar hann líkti landinu við Norður-Kóreu. Ekki í lagi.



Gordon Brown


Um hríð virtist eins og Íslendingar væru orðnir óvinir heimsins númer eitt þegar breska ríkisstjórnin, leidd af Gordon Brown, ákvað að setja hryðjuverkalög til að frysta eignir íslenskra banka í Bretlandi þann 8. október árið 2008. Brown, sem svo að sjálf-söguðu skittapaði í kosningum 2010 gegn David Cameron, varð umsvifalaust einn helsti andstæðingur Íslands. Upp úr spratt Indefense-hópurinn og herferðin „Mr. Brown, do I look like a terrorist?“ fór á flug.



Staffan „Faxi“ Olsson
Sænski handboltapúkinn með síða hárið gerði Íslendingum lífið leitt þegar hann lék með sænska handboltalandsliðinu á níunda og tíunda áratugnum svo að til varð Svíagrýlan alræmda. Faxi gerði sér svo lítið fyrir og glotti ítrekað og lék sér að því að pirra áhorfendur í landsleik Íslands og Svíþjóðar í Laugardalshöll, líkt og rifjað var upp í tölublaði Eintaks árið 1994 þar sem Staffan var nefndur meðal helstu fjandvina þjóðarinnar.

Viktor Kortsnoj

Ótrúleg hegðun hans við skákborðið 1988 gerði íslensku þjóðina hoppandi reiða en Kortsnoj blés sigarettureyk framan í Jóhann Hjartarson í einvígi í Kanada. Þjóðin, sem þá var skákóð, fokreiddist. Jóhann hafði unnið hug og hjörtu landsmanna með rólegu fasi sínu en Kortsnoj stimplaði sig inn sem fjandmaður þjóðarinnar. Jóhann vann sigur í einvíginu, 4½–3½ eftir bráðabana við mikinn fögnuð Íslendinga.



Hvernig hljómar það sem þú sérð?



Belton **Imagine™** – hágæða heyrnartæki

Hljóðheimurinn er stór hluti lífs okkar. Við hjálpum þér að njóta hans með hágæða heyrnartækjum sem bæta lífsgæði þín til muna. Komdu í ókeypis heyrnarmælingu og fáðu heyrnartæki lánuð til reynslu. Það gæti verið farmiðinn þinn inn í ævintýraheim hljóðsins.

Kringlunni • sími 568 7777 • heyrn.is

HEYRNARSTÖÐIN



Sveitarfélagið
ÁRBORG

Auglýsing um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Árborg

Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. og 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru auglýstar eftirfarandi deiliskipulagstillögur:

1. Deiliskipulagsbreyting – Björkustykki

Bæjarstjórn Árborgar samþykkti á fundi sínum 1. mars, samræmi við 1. mgr. 43. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010 til lögu að deiliskipulagsbreytingum á skilmálum Björkustykkis á Selfossi. Breytingin felst í að sett er inn ákvæði í skipulagsskilmála sem heimila geymslukjallara undir einbýlis-, par-, rað- og fjörbýlishúsum þar sem svo háttar. Samfara því eru ákvæði um nýtingarhlutfall aðlöguð breytingunni. Einnig er gerð orðalagsbreyting á undirkafla 4.5, Sorphlokkun. Þá er uppfærð tafla um nýtingarhlutfall í kafla 5.1, og undirkaflar frá 5.2.1-5.6.6 eru samræmdir töflu. Loks er skerpt á ákvæðum er varða gróður, girðingar og skjólveggi í og við lóðarmörk.

2. Deiliskipulag – Litla Hraun

Bæjarstjórn Árborgar samþykkti á fundi sínum 1. mars, samræmi við 1. mgr. 41. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010 tillögu að deiliskipulagi á lóð Lita-Hrauns. Stærð lóðar er um 6,4 ha. Í gildandi Aðalskipulagi Árborgar 2020-2036 er svæðið skilgreint sem samfélagsþjónusta. Megin forsendur og markmið deiliskipulags fyrir svæðið, er að bæta aðstöðu vistmanna og starfsfólks, auk þess að bæta ásýnd svæðisins með lagfæringum og endurbótum á núverandi byggingum og nýrra bygginga auk endurskipulagningar lóðar með auknum gróðri, stígagerð og íþróttavalla. Þá verða skilgreindir 8 nýir byggingarreitir sem ýmist eru tengingar við núverandi byggingar eða eru stakstæðir. Þá er gert ráð fyrir einni nýrri aðkomu inn á lóð, auk aðkomu slökkviliðs.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa að Austurvegi 67, Selfossi. Að auki er hægt að nálgast tillögurnar á heimasíðu Sveitarfélagsins Árborgar á vefslóðinni www.arborg.is

Tillögurnar eru auglýstar með athugasemdafresti frá 8. mars til og með 19. apríl 2023.

Hverjum þeim sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillögurnar, og er frestur til að skila inn athugasemdum til og með 19. apríl 2023.

Athugasemdum og ábendingum skal skila skriflega á skrifstofu skipulagsfulltrúa að Austurvegi 67, 800 Selfossi, eða netfangið skipulag@arborg.is

Í samræmi við 52. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er ákvörðun stjórnvalds kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er einn mánuður frá birtingu auglýsingar um gildistöku skipulags í B-deild Stjórnartíðinda.

**Virðingarfyllst,
Rúnar Guðmundsson
skipulagsfulltrúi**

Rúnar Rúnarsson hyggst greiða Dýrfinnu, félagsamtökum sem sérhæfa sig í leit að týndum dýrum, 110 þúsund krónur í fundarlaun sem hann hafði heitið finnaanda hunds síns Tinna. Sá sem fann Tinna vildi ekki þiggja upphæðina.

odduraevar@frettabladid.is

„Konan sem fann hundinn vildi alls ekki taka við neinum fundarlaunum, þannig að það var niðurstaðan að upphæðin færi frekar til Dýrfinnu,“ segir Rúnar Rúnarsson en hundurinn hans Tinna hvarf sporlaust á sunnudag þar sem hann var með hana í körfu á hjólinu sínu á Seltjarnarnesi.

Fréttablaðið ræddi við Rúnar í gær örskömmu eftir að Tinna hafði fundist en hann hafði heitið hverjum þeim sem myndi hafa uppi á Tinna hundrað þúsund krónum í fundarlaun og bætti félagi hans svo við tíu þúsund krónum svo upphæðin varð 110 þúsund krónur. Tinna kom í leitirnar í fyrrakvöld og var Rúnar alsæll og sagði í samtali við vef blaðsins að hann myndi standa við stóru orðin.

„Af því að ég er bara kominn á þann aldur, þó ég sé öryrki í dag og fyrrverandi hálaunamaður sem flugstjóri, þá er ég löngu búinn að átta mig á því að þessir peningar í stóra samhenginu skipta engu helvítis máli. Við tókum ekki þessa peninga með okkur yfir móðuna miklu,“ sagði Rúnar.

Rúnar hafði haft Tinna í körfunni á rafmagnshjóli sínu sem skyndilega varð rafmagnslaust og hvarf hundurinn sporlaust á meðan hann skipti um rafhlöðu. Sjálfbodaliðar í Dýrfinnu leituðu án afláts að Tinna og var Rúnar ekki lengi að ákveða að samtökin hlytu fundarlaunin þegar sú sem fann hundinn ákvað að afþakka þau.



Rúnar og Tinna eru bestu vinir og Rúnar hafði miklar áhyggjur. MYND/ADSEND



Hún þarf aðhlynningu daglega, svo ég var mjög áhyggjufullur og var til í að greiða þessi fundarlaun.

Rúnar Rúnarsson

þær líka að selja tæki og ég veit að dóttir mín ætlar að fjárfesta í svona GPS-tæki hjá þeim fyrir Tinna svo þetta komi ekki fyrir aftur.“

Rúnar segist elska hundinn út af lífinu. „Þessi hundur er búinn að bjarga lífi mínu, hann er svo yndislegur félagskapur, þannig að ég er bara í skýjunum í dag.“

Tinna er 15 ára gömul og hjartveik, með ofnæmi og brisbólgu. „Hún þarf aðhlynningu daglega, svo ég var mjög áhyggjufullur og var til í að greiða þessi fundarlaun,“ segir Rúnar.

Aðspurður hvernig Tinna hafi það segir Rúnar: „Hún hefur það gott og við vorum heppin, því hún var hjá mjög góðu fólki,“ segir Rúnar hlæjandi og rifjar upp að hann hafi ekki verið lengi að ákveða að láta verða af því að greiða fundarlaunin.

„Af hverju í ósköpunum ætti ég ekki að borga góða fólkinu? Það er augljóst! Svo það kom í raun ekkert annað til greina en að láta verða af þessu og því fer þetta til Dýrfinnu.“ ■

Þaði ekki fundarlaun fyrir hund sem hvarf sporlaust

intellecta.is

RÁÐNINGAR

RIKISKAUP
ABILLI
AD
RAMMASAMNINGI

intellecta

SIGURÐUR SIGURJÓNSSON
VIKTOR MÁR BJARNASON

YLFA MARÍN HARALDSDÓTTIR
KOLBRÚN MARÍA MÁSDÓTTIR

PÓRHALLUR SIGURÐSSON (LADDI)
ÁRNI BEINTEINN

ANDREA ÖSP KARLSDÓTTIR
SELMA LÓA BJÖRNSDÓTTIR
VILLI NETÓ

Ástríkur & Steinríkur

MIDRÍKID



KOMIN Í BÍÓ

LAUGARÁS
BARA LUXUS



BÍÓ

SMÁRA



BÍÓ

HÁSKÓLA



BÍÓ

